



ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVBS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Vistvæn prentsmíðja
GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
SÍMI 511 1234 • WWW.GUDJONO.IS

Miðvikudagur 16. apríl 2008 – 16. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Icelandic Group
Sjávarfangið hverfur úr Kauphöll



Seðlabankinn
Rétti tíminn til aðgerða



Borðsiðir og viðskipti
Húmor skiptir máli í matnum



LÝÐUR GUÐMUNDSSON Starfandi stjórnarformaður Exista tekur sæti í stjórn Sampo Group.

Milljarða arður frá Sampo

Exista fær greidda 16,5 milljarða króna í arð af eign sinni í finnska tryggingafélaginu Sampo.

Exista er stærsti hluthafinn í félaginu og á um fimmtungs hlut. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista, var kjörinn í stjórn félagsins á aðalfundi þess í gær. Sampo er sennilega stærsta félagið sem Íslendingur hefur fengið stjórnarsæti í, að því er fram kemur í tilkynningu frá Exista. Markaðsvirði Sampo nemur 1.250 milljörðum íslenskra króna. Sampo er næststærsti hluthafinn í Nordea, stærsta banka á Norðurlöndum.

- ikh

FRÉTTIR VIKUNNAR

Kristinn Þór Geirsson, nýráðinn framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Glitnis, hefur keypt hlutabréf í bankanum fyrir rétt tæpan milljarð. Alls er um að ræða tæplega 59 milljónir hluta á genginu 16,9.

Norski olíusjóðurinn kann að tapa allt að fimmtán milljörðum íslenskra króna á fjárfestingum í íslenskum bönkum og fjármálafyrirtækjum. Töluvert hefur verið fjallað um íslenskt efnahagslíf í norskum fjölmiðlum að undanförunu.



Gengi Decode Genetics, móðurfélags Íslenskrar erfðargreiningar, féll niður í 1,20 á dögnum, sem er hið minnsta í sögu félagsins. Miðað við það er markaðsvirði félagsins um áttatíu milljónir Bandaríkjadalara, eða sem svarar tæpum sex milljörðum íslenskra króna.

Enski hagfræðiprófessorinn Richard Portes hefur greint fjármálaeftirlitinu í Bretlandi og á Íslandi frá samskiptum við stjórnendur stórs vogunarsjóðs í kjölfar umfjöllunar hans um íslenskt fjármálakerfi. Í samtalinu var prófessorinn meðal annars hvattur til að huga að mannorði sínu, þegar hann væri að fjalla um Ísland og íslensku bankana.

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,5 prósentustig á föstudag og eru stýrivextir bankans nú 15,5 prósent. Davíð Oddsson Seðlabankastjóri segir þjódarnauðsyn að koma böndum á verðbólguna. Seðlabankinn spáir allt að þrjátíu prósent raunlækkun á fasteignaverði á næstu tveimur árum.

Nesskip náðu Alcan frá Eimskipafélaginu

Eimskip missir viðskipti sín við Alcan í Straumsvík 1. júlí. Óslitnu samstarfi frá árinu 1966 lokið. Nesskip taka við.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Við munum sjá um alla flutninga fyrir álver Alcan í Straumsvík frá og með 1. júlí næstkomandi,“ segir Garðar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Nesskipa. Samningur milli Nesskipa og Alcan, sem undirritaður var í síðustu viku, markar tímamót því Eimskipafélagið hefur séð um alla flutninga fyrir álverið frá árinu 1966.

Garðar segir starfseminu í kringum þessa flutninga umfangsmikla en vill ekki gefa upp upphæðir. Tvö skip verði algjörlega lögð í verkefnið sem muni sigla til Rotterdam, þangað sem mest af álínu sé flutt. Magnið sem flutt er út sé um 185 þúsund tonn af áli á ári. Einnig þurfi að flytja inn hráefni í framleiðsluna sem nemi um níutíu þúsund tonnum. Til viðbótar munu Nesskip flytja milli þrjátíu og fimmtíu þúsund tonn af öðrum aðföngum og rekstrarvörum.

Guðmundur P. Davíðsson, forstjóri Eimskips á Íslandi, segir alltaf vonbrigði að missa góðan viðskiptavin. Eimskip sjái fyrst og fremst um flutninga

í gámum og flutningar fyrir Alcan hafi verið hluti af áætlanasiglingum félagsins. Nú vilji álverið hins vegar fá skip í sína þjónustu sem sinni bara þessum flutningum vikulega. Flutningarnir séu ekki gámavæddir heldur sé notast við lausaflytninga í lest. Það sé ekki hagkvæmt fyrir Eimskip því þá hafi þurft að leigja sérstakt skip og endurleigja það svo. Nesskip hafi einfaldlega getað boðið betur því þau hafi yfir slíkum skipum að ráða.

Skip Nesskipa eru hluti af flota Wilson Euro Carriers í Bergen í Noregi sem telur yfir eitt hundrað skip. Wilson hefur frá árinu 2006 verið eigandi meirihluta hlutafjár í Nesskip. Skipin tvö sem notuð eru til flutninga fyrir Alcan koma að sögn Garðars úr flota Wilson Euro Carrier.

Guðmundur segir Eimskip hafa flutt fyrir álverið í Straumsvík frá árinu 1966. Samstarf fyrirtækjanna eigi sér langa og góða sögu. Nú þjónusti Eimskip hins vegar Alcoa á Reyðarfirði og sjái um flutninga fyrir Norðurál á Grundartanga. Það séu gámavæddir flutningar sem henti skipakosti Eimskipafélagsins. Þetta sé því ekki eins stórt högg fyrir félagið og líti út fyrir í fyrstu.

Bankinn ýtti á um söluna á FMÍ

Fjörutíu prósent hlutur í Fiskmarkaði Íslands seldur vegna þrýstings.

„Bankinn ýtti á okkur um að hann gæti gengið að veðunum, en við seldum áður en það varð,“ segir Páll Ingólfsson, einn fjórmenninga sem nýlega seldu fjárfestingarfélagið Rjúkanda, sem á um fjörutíu prósent hlut í Fiskmarkaði Íslands (FMÍ).

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Guðmundur Runólfs-son á Grundarfirði keypti hlutinn. Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri, segir að inngríp bankans hafi verið mögu-

leiki í stöðinni. „En við höfum lengi haft áhuga á að auka við hlut okkar í fiskmarkaðnum og þarna fengum við gott tækifæri.“

Páll Ingólfsson segir að gengisþróunin hafi haft áhrif á að fjórmenningarnir seldu hlutinn. „Gengisfall krónunnar spilaði þarna inn í, en við vorum með skuldbindingar okkar í erlendri mynt.“

Bankinn sem um ræðir er Landsbanki Íslands. Um verðið segir Guðmund-

ur að bæði kaupandi og seljandi hafi verið ósáttir, en vill ekki gefa neitt frekar upp um verðið. „Þetta er þó nokkuð af peningum, og við keyptum þetta bæði með eigin fé og lánum.“

Rjúkandi er langstærsti hluthafinn í Fiskmarkaði Íslands, með um fjörutíu prósent hlut. Næststærsti hluthafinn á innan við átta prósent hlut.

Fiskmarkaður Íslands er með ríflega 56 prósentu markaðshlutdeild hér á landi.

- ikh

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK
14,9%*

GBP
5,4%*

DKK
4,3%*

USD
2,7%*

EUR
3,8%*

CAD
3,7%*

Markmið
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbóðsýsingar og útdráttar úr útbóðsýningu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (act/360) frá 3. mars - 1. apríl 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,9%	-24,9%
Bakkavör	-2,9%	-25,0%
Exista	-7,2%	-40,6%
FL Group	-1,9%	-53,2%
Glitnir	-6,1%	-22,6%
Eimskipafélagið	-1,0%	-30,1%
Icelandair	-0,4%	-12,3%
Kaupþing	-4,2%	-6,3%
Landsbankinn	-2,5%	-16,1%
Marel	-1,5%	-11,3%
SPRON	0,7%	-39,9%
Straumur	-2,3%	-18,1%
Teymi	0,0%	-25,6%
Össur	-1,1%	-7,6%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Fjármálaráðuneyti vill að Seðlabanki, hið opinbera og bankarnir grípi til aðgerða:

Bæta þarf aðgengi að erlendu lánsfé

Fjármálaráðuneytið segir í endurskoðaðri þjóðhagssþá, sem birt var í gær, að neikvæð og oft óraunsæ umræða á erlendum vettvangi um stöðu íslenskra banka hafi lagst á sveif með almennti áhættufælni á alþjóðlegum mörkuðum og þannig magnað upp versnandi aðgengi bankanna að lánsfé í erlendri mynt.

Telur fjármálaráðuneytið brýnt af þeim sökum að Seðlabankinn, hið opinbera og bankarnir sjálfir stígi nauðsynleg skref til að tryggja að kostnaður við fjármögnun að utan endurspegli

betur stöðu íslenskra fjármála-fyrirækja og hagkerfisins í heild.

Mögulegar aðgerðir þessara aðila eru ekki útfærðar nánar í spá ráðuneytisins, en þó kemur fram bæta eigi aðgengi innlendra banka að erlendu lánsfé á viðunandi kjörum.

„Freakari aukning á gjaldeyrisforða Seðlabankans gæti einnig verið skref til að styrkja undirstöður fjármálastöðugleika. Slíkt gæti jafnframt auðveldað fjárfestum aðgengi að vaxtamun milli Íslands og lágvaxta-

ríkja sem hefði þá áhrif til að styrkja gengi íslensku krónunnar og styðja þannig við stöðugri horfur í verðlagsmálum,“ segir enn fremur í Þjóðhagssþá fjármálaráðuneytisins.

Þar kemur einnig fram að horfa þurfi sérstaklega til þess að verðlagsákvæði nýgerðra kjarasamninga geti orðið til þess að þeir losni snemma á næsta ári og því brýnt að aðilar leggist á eitt um að ná verðbólgu aftur niður frekar en að festast í vítahring víxlhækkana verðlags og launa.

- bih

Viðsnúningur í kortaveltu

„Eftir mikla neyslugleði undanfarin misseri virðast lakari efnahagshorfur, óvissa á fjármála-mörkuðum og aukin svartsýni neytenda hafa hvatt heimilin til aukins aðhalds,“ segir Greining Glitnis og vísar til nýrra talna Seðlabanka Íslands um kortaveltu.

Í mars nam kortavelta rúmum 55 milljörðum króna, þar af 24,7 milljörðum vegna kreditkorta og 20,6 milljörðum vegna debetskorta. Greiningardeildin segir raunvöxt kortanotkunar 1 prósent á milli ára.

- óka

Þór einn í framboði

Formaður Samtaka atvinnulífsins.

Kosið er þessa dagana um nýjan formann Samtaka atvinnulífsins, en tilkynnt verður um úrslit á aðalfundi SA næstkomandi föstudag. Einn er í framboði, Þór Sigfússon forstjóri Sjóvárs.

Kosningin gengur þannig fyrir sig að félagsmenn Samtaka atvinnulífsins fengu lykilorð með bréfi og kjósa svo með rafrænum kjörseðli á netinu. Lýkur kosningu á aðalfundardag kl. 12.

Fráfarandi formaður SA er Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts. Hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

- bih



ÞÓR SIGFÚSSON

Einkaneysla hrynnur

Álútflutningur styður við hagvöxt í ár sem þó verður bara hálf prósenta. Atvinnuleysi eykst, en viðskiptahalli minnkar, samkvæmt nýrri spá fjármálaráðuneytisins. Óvissa er mikil.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Hrun einkaneyslu og samdráttur í íbúðarbyggingum leiðir til 0,7 prósentna samdráttar efnahagslífsins á næsta ári. Reiknað er með að einkaneysla dragist saman um sex prósent. Í ár er ráð fyrir því gert að hagvöxtur verði hálf prósenta og einkaneysla dragist saman um 1,1 prósent. Í fyrra var hagvöxtur 3,8 prósent.

Yfirstandandi samdráttarskeið á margt sammerkt með samdrætti sem varð í byrjun áratugarins, en árið 2010 er spáð hagvexti á ný, að sögn Þorsteins Þorgeirssonar, skrifstofustjóra efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Ráðuneytið kynnti í gær nýja þjóðhagssþá fram til 2013 sem er heldur bjartari en spá Seðlabanka Íslands í Peningamálum fyrir helgi. Þar er gert ráð fyrir samdrætti hagvaxtar upp á 2,5 prósent á næsta ári og 1,5 prósent á því þarnaæsta.

Þorsteinn segir hagvöxt í fyrra hafa verið meiri en ráð var fyrir gert og það þrátt fyrir þann óróleika sem brast á á fjármálamörkuðum. „Í ár spáum við aðeins hálf prósents hagvexti,“ segir hann, en þar styður við vöxt stóraukinn álútflutningur, sem eykst um meira en 70 prósent frá fyrra ári. „Það sem dregur hagvöxtinn niður er að fjárfesting dregst hressilega saman milli ára vegna þess að stóriðju-fjárfestingum er að mestu lokið.“ Samdráttur þjóðarútgjalda í ár er sagður nema 2,3 prósentum vegna samdráttar í einkaneyslu og íbúðar- og atvinnuvegafjárfestingu. „Þetta er þrátt fyrir álversframkvæmdir í Helgúvík sem hefjast á árinu, en í viðtöku í fyrsta sinn tillit til þeirra í þessari spá.“

Hratt dregur úr viðskiptahalla þjóðarbúsins sem nú mælist 15,5 prósent af landsframleiðslu. „Hann verður ennþá nokkur í ár, eða 13,2 prósent, en síðan

minnkar hann hratt 2009 og 2010 þegar hann verður kominn í 6,6 prósent. Í langtímaspá til 2013 fer hann svo niður í 2,5 prósent þannig að við erum á rétttri leið. Hvað þetta varðar hjálpa okkur þessar fjárfestingar í álframleiðslu.“

Atvinnuleysi er sagt munu aukast í ár og verður tæp tvö prósent af mannafla þjóðarinnar. Árið 2010 er gert ráð fyrir 3,5 prósentna atvinnuleysi. Þorsteinn bendir um leið á að atvinnuleysi milli 3,0 og 3,5 prósent sé talið samræmast verðstöðugleika og oft kallað jafnvægisatvinnuleysi.

Á þessu ári er gert ráð fyrir 8,3 prósentna verðbólgu, aðallega vegna falls krónunnar, en að 4 prósentna lækkun nafnvirðis fasteigna á árinu dragi úr verðbólguáhrifunum. Seðlabankinn spáir 30 prósentna samdrætti húsnæðisverðs fram til 2010, en fjármálaráðuneytið metur áhrifin á sama tíma 16 til 17 prósent.

Verðbólguáhrifum verður samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins náð árið 2010, en einnig er gert ráð fyrir því að kjarasamningar opinberra starfsmanna verði hóflegir. „Og jafnvel þótt komi til nýrra samninga á almennum markaði á næsta ári vegna verðlagsákvæða verði hófs líka gætt þar þannig að við stöndum ekki frammi fyrir varanlega aukinni verðbólgu.“

Þorsteinn áréttar samt að spá ráðuneytisins sé mikilli óvissu háð, bæði hvað varði þróun á alþjóðavísu og einnig um mögulegar framkvæmdir aðrar hér. Í frávikssþá þar sem gert er ráð fyrir stækkun álvers Alcan í Straumsvík, álveri Alcoa á Bakka, og tveimur kílsilvrisverksmiðjum í Þorlákshöfn, er þannig gert ráð fyrir allt að 1,5 prósentna meiri hagvexti árin 2009 til 2011 en ella væri. Vegna slaka í efnahagslífinu árin 2009 til 2010 segir Þorsteinn aukninguna myndu rúmast innan þess framleiðsluslaka og vera viðráðanlegt fyrir hagkerfið.

BostonNow selt

Bandaríska fríblaðið BostonNow, sem Baugur stofnaði í gegnum Dagsbrún Media fyrir ári, er hætt að koma út. Framkvæmdastjórn blaðsins keypti útgáfuna í síðustu viku.

Bandaríska dagblaðið BostonGlobe hefur eftir Russel Pergament, forstjóra og stofnanda útgáfunnar, að ástæða lokunarinnar sé bágborið efnahags-

ástand á Íslandi. Ekki er farið nánar út í hvernig efnahagsástandið tengist því að útgáfunni var hætt eftir að blaðið komst í hendur nýrra eigna. Ummæli hans voru birt á vefsíðu blaðsins í fyrradag en þeim breytt í gær. Fimmtíu manns voru í fullu starfi hjá blaðinu en hundrad í hlutastarfi.

- jab

Kaupir í Glitni fyrir tæpan milljarð króna

Kristinn Þór Geirsson, nýráðinn framkvæmdastjóri fjármála og-rekstrarsviðs Glitnis, hefur keypt hlutabréf í bankanum fyrir rúmar 994 milljónir króna.

Um er að ræða tæplega 59 milljónir hluta á genginu 16,9, en það er rétt undir lokagengi bréfa bankans á mánu-



KRISTINN ÞÓR GEIRSSON

dag. Tilkynnt var um kaupin til Kauphallar í gær.

Kristinn Þór var kosinn í stjórn Glitnis á aðalfundi bankans í febrúar síðastliðnum en gengur úr stjórn bankans, eftir að taka sæti í framkvæmdastjórn. Tilkynnt var um ráðningu hans sem framkvæmdastjóra síðasta föstudag.

- óka

HELSTU TÖLUR Í ÞJÓÐHAGSSÞÁ TIL 2010

	2007	2008	2009	2010
Hagvöxtur	3,8%	0,5%	-0,7%	0,8%
Einkaneysla	4,2%	-1,1%	-6,0%	3,2%
Viðskiptahalli	15,6%	13,2%	7,7%	6,6%
Atvinnuleysi	1,0%	1,9%	3,8%	3,5%
Verðbólga	5%	8,3%	3,9%	2,5%
Stýrivextir*	11,9%	15,7%	11,2%	7,0%

Frávikssþá með stóriðju:

Hagvöxtur	3,8%	0,5%	0,8%	2,3%
-----------	------	------	------	------

* meðaltal árs

Heimild: Þjóðhagssþá fjármálaráðuneytis



„Auðvelt að brúa bilið“

„Það er frábær þjónusta hjá Lýsingu að bjóða sveigjanleika í afborgunum. Það kemur sér mjög vel á meðan ég er í fæðingarorlofi að geta greitt minna en venjulega. Þegar maður er með eigin rekstur er ómetanlegt að fá þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins.“

Tinna Kristín Snæland,
tannlæknir

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



MANNVIT

VERKFRÆÐISTOFA

Mannvit verkfræðistofa er sameinað fyrirtæki verkfræðistofanna VGK-Hönnunar og Rafhönnunar sem notið hafa trausts viðskiptavina um árabíl. Mannvit er stærsta verkfræðistofa landsins en þar starfa um 360 manns á starfsstöðvum um allt land og erlendis. Viðtæk sérþekking og fjölbreytt þjónusta skipa Mannviti í fremstu röð.

Tchenguiz hjólar í forstjórnann

Fasteignamógullinn Robert Tchenguiz, sem jafnframt er stjórnarmaður í Existu með fimm prósentu hlut, og aðrir fjárfestar ætla að gera atögu að Tim Clarke, forstjóra bresku kráakeðjunnar Mitchells & Butlers, á næstunni.

Breska dagblaðið Sunday Telegraph segir líklegt að fjárfestarnir, sem saman eiga fjörutíu prósentu hlut, krefjist þess að skipt verði um mann í brúnni takist ekki að leysa úr læðingi þau verðmæti sem þeir telja að liggja í fasteignum félagsins.

Tchenguiz og stjórnendur keðjunnar gerðu með sér sam-

komulag um mitt síðasta ár sem fól í sér að sérstakt félag yrði stofnað í kringum fasteignir Mitchells & Butlers. Í kjölfarið voru gerðir tveir afleiðusamningar sem fóru út um þúfur þegar öldurnar risu á fjármálamörkuðum í haust. Neyddist kráakeðjan til að afskrifa jafnvirði 35,5 milljarða króna af þeim sökum.

Hagur keðjunnar batnaði lítillega á fyrri hluta árs miðað við í fyrra en hagnaður af undirliggjandi starfsemi jókst um 0,6 prósent á milli ára. Vöndu fréttirnar eru þær að heldur dró úr bjórsölu og hífði sala á mat og öðrum veitingum afkomuna upp. - job

Baugur sér framtíðina í netverslun

Baugur ætlar að leggja frekari áherslu á netverslun á næstunni. Þetta sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs Group, á kaupskaparþingi smásala, World Retail Congress, sem fram fór í Barcelona á Spáni í síðustu viku.

Um hundrað ræðumenn deildu reynslu sinni og sýn á heim smásölu og neytenda á þinginu og voru sammála um að framtíð verslunar lægi í netinu.

Netútgáfa Retail Week hefur eftir Jóni Ásgeiri að fyrirtækið hafi lagt mikið á sig til að auka hlut netviðskipta og hafi net-



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Baugur Group ætlar að spýta í lófana og auka hlut netverslunar frekar. FRÉTTAHLAÐIÐ/HEIÐA

sala hjá nokkrum fyrirtækjum undir samstæðu Baugs Group

aukist um 45 prósent.

Jón var ræðumaður á ráðstefnunni og tók þátt í pallborði þar sem rætt var um framtaksfjárfestingar. Hann sagði að lána-kreppan myndi draga úr svokölluðum einkaframtaksfjárfestingum almennt en gerði ekki ráð fyrir að Baugur hætti slíku þrátt fyrir stöðuna á mörkuðum.

Breska dagblaðið Financial Times segir stöðu Baugs hafa styrkst mjög með tilfærslu á eignum í vikunni. Félagið situr nú á miklum sjóðum til fyrirtækjakaupa, að sögn blaðsins.

- job

Ikea hagnast á erfiðu árferði

„Þrengingar í efnahagslífinu endurspeglast í afkomu Ikea,“ segir Anders Dahlvig, forstjóri sænsku húsbúnaðarverslunarinnar Ikea.

Dahlvig, líkt og kollegar hans í smásölugeiranum víða um heim, útilokar ekki að afkoman muni í heild versna vegna aðstæðna í efnahagslífinu almennt. Ikea muni hins vegar koma betur inn í árið en keppinautarnir enda kaup í fólk idulega ódýrari húsbúnað en ella nú þegar þrengi að í efnahagslífinu.

Ikea er óskráð félag og þarf því ekki að gefa upp afkomutöl-

ur. Dahlvig segir í samtali við breska viðskiptablaðið Financial Times að útlit sé fyrir að hagnaður af undirliggjandi starfsemi muni dragast saman á helstu mörkuðum, mest í Bandaríkjunum og í Bretlandi.

Dahlvig segir í samtali við blaðið að reikna megi með að afkoman verði neikvæð á stórum mörkuðum, svo sem í Bandaríkjunum og Bretlandi, enda hafi þar dregið úr einkaneyslu. Vænta megi svipaðrar þróunar í Þýskalandi, Spáni og jafnvel víðar í Evrópu á næstu mánuðum batni aðstæður ekki. - job

Risaflugfélag fæðist

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Samþykkt var í fyrrakvöld að sameina bandarísku flugfélögin Delta Air Lines og Northwest Airlines. Með gjörningnum verður til stærsta flugfélag í heimi.

Bandarískir fjölmiðlar segja flugmenn Northwest æfa yfir samkomulaginu enda bendi flest til að starfsfólki verði sagt upp í kjölfarið. Delta hefur þegar sagt upp tvö þúsund starfsmönnum í hagræðingarskyni það sem af er ári. Bandaríska blaðið Wall Street Journal segir ljóst að frekari endurskipulagningar sé þörf. Flugmenn þurfa hins vegar vart að örvaenta því verkalyðsfélag þeirra fær 3,5 prósentu hlut í sameinuðu félagi.

Líklegt þykir að sameiningin muni hvetja til sviptinga hjá öðrum flugfélögum vestanhafs. Mörg þeirra hafa lengi barist við þungan rekstrarkostnað, sem



VIÐ INNRI-UNARBORÐ FLUGFÉLAG-ANNA Stærsta flugfélag í heimi varð til í fyrradag með samruna Delta Airlines og Northwest Airlines.

MARKAÐURINN/AFP

hefur aukist samhliða háu olíuverði.

Bæði Delta og Northwest hafa, líkt og fleiri flugfélög, átt við rekstrarerfiðleika að stríða síðustu ár en bæði fóru í greiðslustöðvun á síðasta ári.

Markaðsverðmæti sameinaðs flugfélags, sem mun eftirleiðis fljúga undir merkjum Delta, nemur fimm milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 370 milljarða íslenskra króna, og verða starfsmenn 75 þúsund talsins. Forstjóri sameinaðs félags verður Richard Anderson en hann stýrir nú Delta Air Lines.

Hunter neyddur til fjárútláta

Skoski auðkýfingurinn Sir Tom Hunter þarf að punga út 44 milljónum punda, jafnvirði 6,4 milljarða króna, ætli hann að halda hlut sínum óbreyttum í bresku garðvörukeðjunni Dobbies Garden Centres.

Hunter festi sér rétt rúman 29 prósentu hlut í keðjunni í yfirtökustríði um hana gegn breska risamarkaðnum Tesco um mitt síðasta ár. Baugur Group var um tíma orðaður við kaup á keðjunni í félagi við Hunter en saman keyptu þau bresku garðvörukeðjuna Weyvale Garden Centres fyrir tveimur árum. Þá hefur

Kaupþing í Bretlandi stutt við fjárfestingar auðkýfingsins.

Þegar yfir lauk stóð verslunin uppi með 65 prósent en Hunter með tæp þriðjafu prósent.

Breska blaðið Telegraph hefur eftir greinendum að hlutfjár-aukningin sé aðför að Hunter. Taki hann ekki þátt í aukningunni skerðist hlutur hans verulega. Tesco muni hins vegar sitja uppi með pálmann í höndunum og 84 prósent hlutabréfa í Dobbies.

SIR TOM HUNTER Breskir greinendur segja að breski stórmarkaðurinn Tesco sé með hlutfjár-aukningu að hefna sín og þvinga niður hlut ríkasta manns Skotlands í garðvörukeðjunni.



Gengi DeCode fallið um 98 prósent

Gengi bréfa í DeCode, móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar, snerti 1,18 dali á hlut á bandarískum hlutabréfamarkaði á mánudag. Þetta er lægsta verð sem bréf félagsins hafa farið á frá upphafi.

Bréfin í DeCode munu hafa farið á allt að 65 dali á hlut á gráum markaði fyrir skráningu fyrirtækisins á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í júlí fyrir átta árum.

Gengi bréfanna stóð í 3,66 dölum á hlut um síðustu áramót og hefur



þessu samkvæmt fallið um tæp 68 prósent á rúnum fjórðum mánuðum. Sé litið til verðsins sem greitt var fyrir þau á gráa markaðnum nemur fallið hins vegar rétt rúnum 98 prósentum.

Sé dæmið einfaldað nemur fjárfesting í bréfum DeCode upp á hundrað þúsund krónur á gráa markaðnum fyrir átta árum 1.800 krónum í dag. Fyrir það fæst meðalbók í kiljuformi í bókabúð.

Markaðsverðmæti fyrirtækisins nam á mánudag 78,55 milljónum dala, jafnvirði um 5,8 milljarða íslenskra króna. Tap þess í fyrra nam 6,6 milljörðum króna.

KÁRI STEFÁNSSON, FORSTJÓRI DECODE.



ÞJÓNUSTA SEM SPARAR FYRIRTÆKJUM TÍMA OG PENINGA

ER ÞITT FYRIRTÆKI MED SAMNING?

HLUNNINDI SEM FYRIRTÆKJASAMNINGUR VEITIR:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn - alla daga ársins
- Afsláttur sem býðst á fargjöldum til áfangastaða Icelandair
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum

+ Skráðu fyrirtækið þitt núna á www.icelandair.is





WWW.ICELANDAIR.IS



Samræmt viðmót ...

Samþætting upplýsingakerfa í eitt viðmót

Með portallausnum Nýherja er hægt að samþætta ólík upplýsingakerfi fyrirtækisins og veita aðgang að þeim í einu samræmdu viðmóti. Afraksturinn er einfaldari viðskiptaferlar og skilvirkara upplýsingaflæði innan sem utan fyrirtækisins. Hver notandi hefur sérsniðið viðmót sem veitir aðgang að verkferlum og upplýsingum eftir þörfum hvers og eins. Þetta hefur í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir fyrirtækið, starfsmenn og viðskiptavinum.

“IBM WebSphere Portal myndar grunn að framtíðarvinnuumhverfi starfsmanna Icelandair. Okkur hefur þegar tekist að auka aðgengi starfsfólks að mikilvægum upplýsingum og þannig aukið starfsánægju og skilvirkni í upplýsingaflæði innan fyrirtækisins.”

Hjörtur Þorgilsson, upplýsingatæknistjóri Icelandair

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.



NÝHERJI



FISKMETI UNNIÐ FYRIR MARKAÐINN
Frá verksmiðju Pickenpack, dótturfélags Icelandic Group í Þýskalandi. Icelandic Group skrifaði undir viljayfirlýsingu um sölu á móðurfélagi Pickenpack í fyrrahaust til að bæta stöðuna. Premur mánuðum síðar var hún dregin til baka.

Próun á gengi Icelandic Group síðastliðin fimm ár í íslenskum krónum

Sjávarfangið hverfur úr Kauphöllinni

Afskráning Icelandic Group af hlutabréfamarkaði verður tekin fyrir á mikilvægum aðalfundi félagsins á föstudag. Með brott-hvarfi félagsins fækkar rekstrarfélögunum um eitt og verður aðeins eitt fyrirtæki eftir sem sérhæfir sig í fiskmeti og sjávarfangi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson hleypur yfir sögu Icelandic Group og veltir vöngum yfir stöðu félagsins í óráðinni framtíð.

Icelandic Group stendur frammi fyrir því að taka skrefið inn í nýja framtíð – en þó ekki með öllu ókunna – á næsta aðalfundi þess á föstudag. Tillögur sem lagðar verða fram á fundinum marka stór spor í sögu félagsins og hlutabréfamarkaðar hér á morgun hátt.

Fyrir fundinum liggur tillaga þess efnis að stjórn Icelandic Group fái heimild til að afskrá félagið. Skrefið markar ákveðin tímamót fyrir Icelandic Group, sem um áratugaskeið hefur sinnt grunnatvinnuvegi þjóðarinnar, útflutningi og sölu á ferskum og frystum fiski til erlendra markaða. En það eru fleiri tímamót á dagskrá hjá Icelandic Group. Áratugur er síðan það sleit eignabönd við hraðfrystihúsin og lagði að bryggju sem skráð félag í Kauphöllina. Afraksturinn í landvistinni hefur hins vegar verið lítil síðustu ár og eftir litlu að slægjast nema ef vera skyldi fjármagni til vaxtar. Allt bendir til að Icelandic Group muni setja á haf út á ný sem óskráð félag með tiltölulega nýráðinn forstjóra við stýrið og splunkunýja stjórn sem sest sjálfkjörin við hlið hans eftir aðalfundinn.

ÚTRÁS Í ÁRATUGI

Icelandic Group er í grunninn eitt af elstu fyrirtækjum landsins, stofnað fyrir heilum 66 árum – árið 1942 – undir nafni Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna (SH). Fyrstu áratugin seldi það afurðir íslenskra hraðfrystihúsa á erlendum mörkuðum og leitaði uppi nýja markaði fyrir ferskan frystan fisk, sem á þeim tíma þótti nýlunda. Þá sá félagið hraðfrystihúsinum fyrir nauðsynjum erlendis auk þess að gera tilraunir með nýjar framleiðsluáferðir í hraðfrystihúsunum.

Hraðfrystistöðvarnar íslensku áttu félagið í upphafi og ráku það í sameiningu. Árið 1996 var hins vegar stigið stórt skref inn í framtíðina. Þá var Sölumiðstöðinni breytt í hlutafélag og stefnan sett á skráningu félagsins á hlutabréfamarkað. Það gekk eftir tveimur árum síðar.

SH hélt úti viðamikilli starfsemi erlendis frá fyrstu árum. Útrásin hófst með stofnun sölu-skrifstofu í New York í Bandaríkjunum þremur árum eftir upphaf SH. Starfsemi Icelandic Group vestanhafs hefur stækkað talsvert síðan þá, ekki síst eftir sameiningu þess við Samband of Iceland fyrir þremur árum og Sjóvík.

Áratug eftir landnámið í Vesturheimi færði SH sig yfir til meginlands Evrópu, nánar tiltekið til Bretlands. Þar keypti félagið keðju fisksteiningarbúða áður en það færði sig yfir í framleiðslu á smásölupakkningum og matvælum sem skilar alla jafna meiri framlegð en sölustarfsemin. Icelandic framleiðir nú frystar og kældar matvörur beggja vegna Ermarsundsins sem og í mörgum Asíulöndum en sá markaður var meira og minna undir Sjóvík, sem sameinaðist Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna undir alþjóðlegum merkjum Icelandic Group fyrir þremur árum.

Afurðirnar eru framleiddar fyrir ákveðin fyrirtæki, veitingamarkað og verslanir og fást í nokkrum af stærstu verslunum heims, svo sem í Tesco, stærstu verslanakeðju Bretlandseyja, Carrefour, stærstu verslanakeðju Frakklands, og fleiri risabúðum. Allar eiga verslanirnar það sammerkt að hafa starfsemi víða í Evrópu og á mörkuðum í Asíu, svo sem í Kína og á öðrum nýmörkuðum.

PUNGUR REKSTUR

Vöxtur Icelandic Group var mikill með tilkomu nýrra fjárfesta eftir aldamótin. Fóru þeir mikinn í skuldsetum yfirtökum og stefnan sett hátt – líklega of hátt, líkt og einn heimildamanna Markaðarins komst að orði. Slíkt er vandmeðfarið en hefur – þvert á væntingar – orðið íþyngjandi. Erfiðara hefur reynt að samþætta rekstur ólíkra rekstrareininga en áætlað var undir fyrirtækjaneti Icelandic Group og ekki bætt úr skák að síðastliðin þrjú ár hafa verið ör skipti á forstjórum. Slíkt hefur haft talsverðan kostnað í för með sér auk

þess sem nýir stjórnendur hafa misst sjónar á því sem áður var lagt upp með.

Greinendur viðskiptabankanna hafa lengi bent á að félagið hafi misst tókin á stærðinni og þurfi að einbeita sér. Verstur var gangurinn í Bandaríkjunum og Frakklandi. Mikil og hörð endurskipulagning á rekstrinum hefur hins vegar átt sér stað innan veggja fyrirtækisins beggja vegna Atlantsála síðustu misserin. Það hefur hins vegar reynt erfitt ferli en komið vel á veg. Vænta má að gefið verði í endurskipulagningu í kjölfar afskráningar.

Reksturinn hefur nú verið þungur og langt undir væntingum um skeið, ekki síst í Bandaríkjunum. Unnið hefur verið að frekari hagræðingu innan samstæðunnar, svo sem með sölu eigna – og tilraunum til þess – og fjárhagslegri endurskipulagningu. Það hefur hins vegar tekið illa og margt ekki gengið eftir líkt og menn lögðu upp með.

Fyrir liggur á aðalfundinum á föstudag þrautalending, samþykki lántöku á víkjandi skuldabréfi til fjögurra ára upp á jafnvirði fimm milljarða króna en falla á móti frá hlutafjárukluningu félagsins. Vextir lánsins nema heilum 23 prósentum á ári og veitir það kröfuhafa rétt til að breyta því í hlutabréf á genginu 1,0 krónu á hlut.

Ávöxtunarkrafan, sem jafnast á við yfirdráttarlán bankanna og hugnast fáum, þykir til marks um það hvert stærstu hluthafar Icelandic Group leiða félagið, ef marka má ummæli manna í kjölfar snarprar gengislækkunar þess síðustu vikur. Ekki liggur fyrir hverjir kaupa skuldabréfið en ætla má að það verði stærstu hluthafar. Þeir sem það gera munu standa í kjölfarið uppi með áttatíu prósent hlutafjár á meðan hlutir smærri hluthafa þynnast verulega.

TÍÐ FORSTJÓRASKIPTI

Erfiður rekstur Icelandic Group endurspeglar ekki síst í tíðum forstjóraskiptum í kjölfar breytinga á félaginu árið 2005. Aðrar breytingar innan dótturfélaga samstæðunnar hafa að sama skapi verið algengar samanborið við önnur félög á markaði. Fleiri hræringar eru í vöndum, en algjör stjórnarskipti verða á aðalfundinum á morgun þegar sitjandi stjórn stendur upp eins og hún leggur sig. Ný tekur við eftir fundinn með rússneska kosningu upp á vasann og hafa einungis tveir núverandi stjórnarmanna gefið kost á sér í varastjórnina.

Ef frá er skilinn Gunnar Svavarsson, sem stóð upp úr for-

stjórastólnum fyrir Þórólfi Árnasyni, þáverandi borgarstjóra, hafa þrjár forstjórar setið við stýrið hjá Icelandic Group – flestir í skamman tíma – á jafn mörgum árum. Finnbogi A. Baldvínsson, núverandi forstjóri, tók við af Björgólfi Jóhannssyni, sem kvaddi sjávarfangið í desember í fyrra og tók við Icelandair. Til marks um erfiðleikana var Icelandic forstjóralaus fram til fyrstu daga í febrúar á þessu ári. Mál manna er að slíkt eigi sér vart hliðstæðu hjá almenningshlutafélagi.

Finnbogi ætlaði sjálfur að kaupa Pickenpack-samstæðuna í Þýskalandi og Frakklandi undan Icelandic Group í fyrra. Viljayfirlýsing um það lá fyrir í september. Sléttum þremur mánuðum síðar rann salan út í sandinn.

PRÖSKULDAR FJÁRFESTA

Rekstrarfélög tengd sjávarútvegi og fiskvinnslu hafa ekki átt góðu gengi að fagna á íslenskum hlutabréfamarkaði og verður – þegar Icelandic Group hverfur á braut – aðeins eitt félag skráð á markað hjá fiskveiðipjóðinni Íslandi sem sérhæfir sig í veiðum og vinnslu á sjávarfangi.

Í tilkynningu frá Icelandic Group í byrjun mánaðar þar sem afskráningin var tilkynnt eru tilteknað nokkrar ástæður fyrir gjörningnum. Í fyrsta lagi sé hluthafahópurinn þröngur – félagið er að mestu í eigu sömu eða tengdra félaga líkt og sést á hluthafalistanum – og verðmyndum óskilvirk. Það eitt sé undir viðmiðunarmörkum Kauphallarinnar.

Icelandic Group er langt í frá eitt á báti í þeim efnunum. Sjávarútvegsfyrirtækin hafa löngum kvartað yfir þeim pligtum sem á þau eru sett um eignarhald. Eignarhaldi erlendra fjárfesta eru settar skorður, sem beinlínis hindra aðkomu þeirra í íslenskt sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtæki. Ein þeirra leiða sem fyrirtækin hafa í gegnum tíðina farið í leit sinni að fjármagni til vaxtar er ýmist miklar lántökur eða skráning á hlutabréfamarkað. Ætla má að Icelandic Group hafi nýtt sér þann kost vel – jafnvel of vel.

Til stóð að komast hjá þröskuldinum um erlent eignarhald þar síðasta haust með skiptingu Icelandic Group í þrjár einingar; Íslands-, Ameríku- og Evrópuhluta, og skrá tvei síðarnefndu hlutana í erlendum kauphöllum. Með breytingunum var vonast til að áhugi erlendra fjárfesta glæddist á félaginu. Það gekk ekki eftir og litlar líkur eru á að Icelandic Group leggi að landi í nokkurri kauphöll á næstu árum.

ICELANDIC GROUP Í HNOTSKURN

Forstjóri	Finnbogi A. Baldvínsson
Stofnár	1942
Skráð á markað	1998
Fjöldi starfsmanna	ca 5.000
Tap í fyrra	3,4 ma kr.
Rekstrarhagnaður í fyrra	3,3 ma kr.

FORSTJÓRARNIR



FINNBOGI BALDVIÐSSON
18.2. 2008 -



BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON
23.3. 2006 -
14.12. 2007



ÞÓRÓLFUR ÁRNASON
31.5 2005 -
14.10. 2005



GUNNAR SVAVARSSON
1.4. 1999 -
31.5. 2005

19 STÆRSTU HLUTHAFAR

Nafn	Hluttur
Fjárfestingarfélagið Grettir*	28,33 %
FAB GmbH**	20,22%
Tm fe ehf	13,02%
Landsbanki Luxembourg S.A.	12,82%
Hf. Eimskipafélag Íslands	7,49%
BOM fjárfestingar***	3,75%
Raffeesien Zentralbank Österreich	3,11%
Straumur-Burðarás	3,11%
Glitnir Bank	2,54%
Landsbanki Íslands	1,82%

* Fjárfestingarfélagið Sund, Landsbankinn og Ópera, félag Björgólfsfeðga

** Finnbogi A. Baldvínsson


*** Baldur Guðnason, fyrrv. forstjóri Eimskips og fyrrv. stjórnarmaður IG.

Westfalia skilvindur
Ecoflex - varmaskiptar
Þjónusta og varahlutir

Westfalia Separator ehf.
Dalveg 16d. • 200 Kópavogi
Sími 564 2888 • Fax 564 2877 • GSM 895 3699
Netfang: baldvin@gea-westfalia.is

GEA

Lyf gegn verðbólgu



Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, traustra fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, traustra fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

Ekkert umboð til að brotlenda

Of langur tími hefur liðið að mati stjórnarþingmanna frá því að yfirlýsing var gefin um aðgerðir til að styrkja gjaldhvort Seðlabankinn dragi lappirnar. Málið er þó í undirbúningi. Enn er óljóst hvort veita eigi bönkum aðgang að segir óvissuna versta og að margir telji aðgerða þörf strax.

Þunginn í umræðu um styrkingu gjaldveyrissvaraförða Seðlabanka Íslands eykst dag frá degi. Geir H. Haarde forsætisráðherra talar sífellt skýrar um nauðsyn þess. Undir það sjónarmið tekur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar. Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, segir stefnt að því að tvöfalda gjaldeyrisforðann en nú séu skilyrðin ekki hagfelld. Búið var að skapa væntingar um aðgerðir sem enn er beðið eftir. Á meðan ríkir taugatitringur á markaðnum. Krónan er ótrygg og óvissu um rekstrar-skilyrði bankanna hefur ekki verið eytt. Margir segja þörf á aðgerðum strax.

UNNIÐ AÐ LÁNTÖKU

Erlendir ráðgjafar Seðlabankans hafa fengið það hlutverk að aðstoða bankastjórnina við það að styrkja gjaldeyrisforðann. Hins vegar hefur orðið bið á raunverulegum aðgerðum. Í máli Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra á stýrivaxtafundinum á fimmtudaginn í síðustu viku kom fram að unnið væri í málinu. Það væri í samræmi við það sem forystumenn ríkisstjórnarinnar hefðu sagt og reyndar stjórnarandstöðunnar líka.

Hins vegar dró hann frekar úr þeim hraða sem þyrfti að vera á framkvæmdinni. Vísaði hann meðal annars til óhagstæðra skilyrða til lántöku. Um fé almennings væri að ræða og því bæri ráðamönnum að leita hagstæðra kjara.

ÓVISSAN ER VERST

Í samtölum við þingmenn ríkisstjórnarinnar voru ekki allir sammála um hversu brýnt vandamálið væri. Þó var uppi það sjónarmið að óvissan væri vond. Ef búið væri að tala um að efla gjaldeyrisvarasjóðinn, meðal annars til að auka trúverðugleika Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara, væri eins gott að drífa í því. Ef Seðlabankinn hefði á annað borð hlutverk væri það að vera bakhjarl fjármálakerfisins sem þrautavara lánveitandi. Við núverandi stöðu væri hægt að draga í efa að hann gæti sinnt því hlutverki. Það rýrði trúverðugleika fjármálakerfisins út á við og rýrði kjör bankanna á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Við því mætti enginn við núverandi aðstæður.

Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún hafa fundað með yfirmönnum viðskiptabankanna og sagst ætla að leggja þeim lið í þessari varnarbaráttu. Spurningin sem margir spyrja sig er hvort Seðlabankinn sé að draga lappirnar í þeirri baráttu



með því að klára ekki erlenda lántöku fyrir hönd ríkissjóðs. Bankinn gangi skemur en seðlabankar annarra ríkja í að smyrja hjól fjármálakerfisins. Hefur því jafnvel verið haldið fram að Davíð Oddsson vilji gera forystumönnum ríkisstjórnarinnar erfitt fyrir með því að vera erfiður í taumi. Ákveðinn pirringur er í röðum þingmanna og óþreya eftir aðgerðum vegna þessa. Menn segjast ekki skilja þennan seinagang og vita ekki hvar orsökinn liggur.

GOTT SAMBAND VIÐ SEÐLABANKANN

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem Markaðurinn ræddi við segja samt að samband milli ráðherra efnahagsmála, Geirs Haarde, og seðlabankastjóra sé ágætt. Margir vilji ýta undir þá skoðun að ágreiningur ríki um hvert skuli stefna. Þessi vinna taki bara sinn tíma enda ekki um lágar fjárhæðir að ræða. Það geti jafn-

vel verið snjallt að vera ekki með of upplýsandi yfirlýsingar í baráttunni um betri kjör. Ef ríkisstjórnin virðist taugastrekt geti það einungis ýtt undir vandann hvað varðar lánakjör ríkis og banka. Forsætisráðherra hefur lagt áherslu á að það megi ekki ana að neinu þótt hann hafi bætt í yfirlýsingar undanfarna daga. Björgvin

LÁNVEITANDI TIL ÞRAUTAVARA

Samkvæmt lögum getur Seðlabankinn, telji hann þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins, veitt lánastofnunum í lausafjávanda ábyrgðir eða lán til að koma í veg fyrir bankakreppu. Sérstaklega er tekið fram að bankinn veiti ekki aðstoð til gjaldþrota lánastofnana eða lánastofnana með eiginfjárstöðu undir löglegum mörkum. Sem dæmi verða lánastofnanir sem uppfylla ekki skilyrði um lágmarks eigið fé að leysa sín mál með nýju hlutfé. Þetta er í samræmi við reglur sem gilda alls staðar á Norðurlöndum. Í þeim tilfellum þar sem banki telst vera gjaldþrota eða greiðslugeta hans talin óviss skulu seðlabankarnir án tafar hafa samband við fjármálaráðuneyti í sínu ríki.


VIÐSKIPTI Í

„Viðskipti innlendra fjármálafyrirtækja við Seðlabankann eru í íslenskum krónum og ekki er fyrirjáanleg breyting þar á. Þau viðskipti varða m.a. greiðslumiðlun í landinu, reglubundna útvegum lauss fjár og úrræði við lausafjávanda,“ sagði í umsögn Seðlabankans til ársreikningaskrár í byrjun desember síðastliðinn. Tilfnið var beiðni Kaupþings banka um heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í evrum á þessu ári.

HVAÐ ER GJALDEYRISFORÐI?

Gjaldveyrissvaraförði Seðlabankans nemur nú um 200 milljörðum króna að teknu tilliti til gengis-lækkunar krónunnar frá áramótum. Talað hefur verið um að allt að tvöfalda þann forða. Bankinn skilgreinir gjaldeyrisforðann sem eignir í erlendum gjaldmiðlum sem eru aðgengilegar með litlum fyrirvara.

Forðinn samanstendur af gulli, sérstökum dráttarréttindum og gjaldeyrisstöðu við Alþjóðagjaldveyrissjóðinn og erlendum innstæðum auk erlendra markaðsverðbréfa.



FORÐINN Í ERLENDRI MYNT

Gjaldveyrissvaraförðinn samanstendur ekki bara af seðlum og mynt heldur öðrum eignum einnig. Fórnarkostnaður varasjóðs getur verið nokkur vegna þess að ávöxtun hans er takmörkunum háð samkvæmt starfsreglum bankastjórnar.

Allir hafa áhuga á gjaldeyrisforðanum

Margir hafa gripið það á lofti í umræðunni um vandræðin í efnahagslífi þjóðarinnar að auka þurfi gjaldeyrisforða Seðlabankans. Það er ekki langt síðan sú umræða komst á verulegt flug. Áður höfðu fáir fjallað um nauðsyn þess að hafa hér stóran gjaldeyrisforða nema einstaka fræðimenn og pólitikar.

Þar sem Seðlabankinn starfar eftir verðbólguþörmáttum á ekki að vera þörf á stórum gjaldeyrisforða samkvæmt hagfræðinni – að því gefnu að markaðir séu skilvirkir. Bankinn einbeittir sér eingöngu að því að halda verðlagi stöðugu með stýrivöxtum. Í einföldu máli hefur það áhrif á gengi krónunnar í gegnum framböð og eftirspurn eftir gjaldmiðlinum. Bein inngríp á gjaldeyrismarkaði eru algjör undantekning við sérstakar aðstæður samkvæmt núverandi peningastefnu Seðlabanka Íslands sem tekin var upp árið 2001. Áður hafði bankinn yfirlýst gengismarkmið með vöxtum.

Skiptar skoðanir eru á því af hverju þessi mikla umræða blossar upp nú. Í



ALÞJÓÐLEG ÁHRIF Áhættuálag erlends lánsfjár hefur ratað inn í verðmyndun skiptasamninga á gjaldeyrismarkaði og eytt vaxtamun milli Íslands og annarra mynntsvæða.

fyrsta lagi veldur kreppa á lánsfjármarkaði því að fjármálafyrirtæki þurfa að hafa öflugan lánveitanda til þrautavara. Það er eitt af meginhlutverkum seðlabanka í heiminum. Þá er minni hættu á að þeir lenti í lausafjávand-ræðum, sem á að veita þeim betri kjör á alþjóðlegum lánamörkuðum.

BANKARNIR OF STÓRIR

Vegna þess hversu stórir íslensku bankarnir eru efast margir um getu Seðlabanka Íslands til að sinna þessu hlut-

verki skilmerkilega. Hafa alþjóðleg matsfyrirtæki meðal annars bent á þennan vanda. Að auki hafa stjórnendur Seðlabankans lýst því yfir að þeir muni einungis geta lánað í íslenskum krónum. Stór hluti af starfsemi bankanna er erlendis og því þurfa þeir erlendan gjaldeyri fyrst og fremst lenti þeir í vand-ræðum. Ef Seðlabankinn vildi bjarga þeim um stundarsakir þyrfti hann líka að búa yfir öflugum gjaldeyrisjóði.


Viðskiptabankarnir vonast einnig til að geta fengið erlendan gjaldeyri lánað-an hjá Seðlabankanum og lagt í staðinn inn veð í íslenskum verðbréfum ýmiss konar. Þetta er sérstaklega mikilvægt núna fyrir bankana þegar gjaldeyri er dýr og erfitt að fá lán á sæmilegum kjörum. Þetta myndi líka leysa vanda sem skapast hefur á innlendum markaði með gjaldmiðlaskiptasamninga. Sá markaður hefur þurrkast upp vegna mikillar eftirspurnar eftir gjaldeyri. Vaxtamunur í útlöndum hefur hrunið og er það ein meginástæða fyrir gengis-lækkun krónunnar.



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

A'góðumjárnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Íslenskur iðnaður

MÍÐVIKUDAGUR 16. APRÍL 2008



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDIC PHOTOS/GETTY



Danfoss ofnhitastillar

Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir
þægilega húshitun og hámarks orkusparnað
Við erum leiðandi í hönnun og
framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss stjórnþúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Tilfinningaleg gervigreind

Collective-hópurinn var í öðru sæti í Frumkvöðlakeppni Innovit með kerfinu Clara sem greinir tilfinningar í texta á internetinu og safnar upplýsingum í markaðsrannsóknnum.

„Þetta er byltingarkennt tól til markaðsrannsóknna og gerir minni fyrirtækjum kleift að gera markaðsrannsóknir á ódýrari hátt en hefur þekkt,“ segir Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, einn frumkvöðlanna, um verðlaunahugmyndina.

Ásamt Jóni Eðvald Vignissyni, Hauki Hólmsteinssyni, Guðmundi Gunnlaugssyni, Magnúsi Inga Sveinbjörnssyni, Frank Cassata og Kristjáni Þór Ragnarssyni þróaði hann hugmyndina að kerfinu Clara í sameiningu og komu þeir að henni með sinni sérþekkingunni hver. Félagarnir eru núverandi og fyrrverandi nemendur við HÍ og koma úr ensku, verkfræði, sálfræði og tölvunarfræði auk útskrifaðs viðskiptafræðings frá Bifröst.

„Mikið af upplýsingunum sem fyrirtæki sækjast eftir með skoðanakönnunum er núorðið til staðar á veraldarvefnum. Með Clara kerfinu tökum við þessar upplýsingar saman á sjálfvirkan hátt. Vinnum síðan úr gögnunum með háþróaðri gervigreind sem greinir samhengi og tilfinningar í texta. Þannig getum við lækkað kost-

að sem fyrirtæki leggja almennt í markaðsrannsóknir og gjörbreytt þekktum aðferðum,“ útskýrir Gunnar.

„Kannanir hafa sýnt að 77 prósent netnotenda hika við að kaupa vörur sem hafa fengið neikvæða umfjöllun á internetinu. Umfjöllunin getur verið umsögn á bloggi, greinar eftir álitsgjafa eða umfjöllun í fréttamiðli um hluti, fyrirtæki, vörur eða jafnvel hvers kyns hugtök,“ bætir hann við.

Gunnar segir þá félagar hafa unnið að hugmyndinni í rúmt ár og verkefnið hafi að hluta til verið unnið í samstarfi við Háskóla Íslands þaðan sem þeir hafi fengið mikinn stuðning. Hugmyndin varð til innan hópsins og upp úr áhuga hans á gervigreind og hagnýtingu hjá þessari tegund tölvukerfa. Þeim hafi þótt skrifandi að enn þyki besta markaðsrannsóknaraðferðin vera að hringja til að spyrja álit, þegar flestar þessar upplýsingar séu til á internetinu.

Kerfi þeirra félagar verður með vefviðmóti sem markaðsdeildir fyrirtækja geta keypt sér aðgang að og er einungis hugsað fyrir enskumælandi markað enn sem komið er. „Við vonumst til að þetta hafi mikla þýðingu fyrir okkur og búumst við að þetta muni gera góða hluti fyrir okkur í framtíðinni,“ segir Gunnar brattur að lokum.



Upprennandi viðskiptamenn frá CLARA, Jón Eðvald Vignisson og Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, á leið í úrslit.

Tekist á um nýjar hugmyndir

Úrslit í Frumkvöðlakeppni Innovit réðust um helgina, en sigurvegararnir hlutu Gulleggið 2008 og peningaverðlaun.

Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, stóð í ársbyrjun fyrir frumkvöðlakeppni fyrir nemendur við íslenska háskóla og þá sem útskrifast hafa síðustu fimm ár. Keppnin byggist á gerð viðskiptaáætlaða og er haldin að fyrirmynd sams konar keppni við MIT-háskóla í Bandaríkjunum. Hún er hugsuð sem tækifæri fyrir háskólamenntaða frumkvöðla til að koma hugmyndum á framfæri og gera áætlanir sem miða að stofnun fyrirtækja. Meðan á undirbúningi stendur fá nemendur ráðgjöf og aðstoð frá sérfræðingum. Vel á 200 hugmyndir voru sendar í keppnina en dómnefnd valdi átta hugmyndir sem kepptu til úrslita. Ungt sprotafyrirtæki, Eff2, hrepti fyrsta sæti og afhenti iðnaðarráðherra sigurvegurinum Gulleggið 2008 og peningaverð-



Keppendur mættu með alls konar kynningarefni fyrir dómnefnd.



Keppendur kynntu hugmynd sína fyrir dómnefnd af fjárfestum og fagaðilum.



Dómnefnd að störfum.

laun í Iðno síðasta laugardag. Var þetta í fyrsta sinn sem keppnin er

haldin hér og verður hún framvegis árviss viðburður.



Collective-hópurinn, með Gunnar Hólmstein Guðmundsson fremstan í flokki, sem hafnaði í öðru sæti í Frumkvöðlakeppni Innovit.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Greinir ólöglegt niðurhal

Eff2 Technologies, ungt hátækni-fyrirtæki, hlaut Gulleggið 2008, fyrstu verðlaun í Frumkvöðlakeppni Innovit fyrir íslenska háskólanema og nýútskrifaða um síðustu helgi. Verðlaunin fékk fyrirtækið fyrir hugbúnaðinn Videntifier, kerfi sem greinir vídeóefni á netinu til varnar höfundarrétti.

„Kerfið okkar samanstendur af tveimur þáttum,“ segir Friðrik Heiðar Ásmundsson, einn af stofnendum sprotafyrirtækisins Eff2 technologies, sem er sprottið upp úr gagnagrunnssetri Háskólans í Reykjavík, um hugbúnaðinn Videntifier sem greinir sjálfvirkt vídeóefni á netinu til varnar höfundarrétti.

„Annars vegar finnum við fingraför úr myndefni. Tökum til dæmis eina bíómynd, reiknum og finnum út eina milljón fingrafara úr henni. Hins vegar búum við yfir gagnagrunnstækni sem við höfum þróað síðastliðin fjögur ár og getum sett milljarðir svona fingrafara í gagnagrunninn og leitað að þeim á örskotsstundu,“ segir Friðrik.

Með öðrum orðum fer kerfið yfir vídeóefni á netinu og ber kennsl á það. Er þá hægt að semja um greiðslu fyrir birtingu efnisins eða það tekið niður í samræmi við óskir höfundarréttarhafa. Að sögn Friðriks gæti Videntifier því spyrt gegn fjárhagslegu tapi sem kvikmynda- og tónlistarframleiðendur verða fyrir vegna ólöglegs niðurhals og dreifingar efnis á netinu.

„Þessi tækni er byltingakennd. Það er ekkert þessu líkt til á markaðnum, svo hann er óþægður akur,“ segir hann og lýsir fyrir blaðamanni möguleikum þessarar tækni.


„Til dæmis mætti líka kortleggja sjónvarpsútsendingar á netinu og nota gagnagrunnstæknina til að finna út hvenær tiltekna auglýsingar eru spilaðar. Ætli forsvarsmenn Coca-Cola væru til að mynda ekki til í að vita á hvaða sjónvarpsstöðvum og hvenær Pepsi auglýsir?“ spyr Friðrik og bætir við: „Við getum á næstunni gert það sama fyrir útvarp. Eins getum við borið kennsl á klámefni á netinu og búið til síur til að börn slys-

ist ekki inn á síður ætlaðar full-orðnum, sem er frekar algengt.“

Spurður hvort Eff2 sem slíkt sé þá á móti ólöglegu niðurhali á netinu segist Friðrik telja að framleiðendur ættu að bjóða upp á ódýrt, sveigjanlegt og þægilegt dreifingarkerfi á efni. „Ég held að flestir séu reiðubúnir að sækja efni löglega sé það á viðráðanlegu verði. Nú er til dæmis hægt að fara á tonlist.is og hlusta á eins mikið af tónlist og maður vill. Ég vil sjá svipað viðskiptamódel fyrir kvikmyndaefni. En svo það sé ljóst, þá lögsækjum við engan, heldur berum einfaldlega kennsl á efni.“

Að sögn Friðriks hefur Eff2 technologies sótt um tvö einkaleyfi og eru forsvarsmenn þess nú að íhuga í hvaða löndum eigi næst að sækja um slíkt leyfi. „Helsta samkeppnisforskot fyrirtækisins felst í gagnagrunnstækninni, sem gerir leit að ólöglegu efni mun nákvæmari og hraðvirkari en þekkt hefur,“ útskýrir Friðrik og bendir á að þegar hafi stórfyrirtæki sýnt áhuga á því að kaupa vörur Eff2.

- nrg



Friðrik lengst til vinstri ásamt Kristlaugi Daðasyni og Herwig Lejsek í Eff2 Technologies, sem hlaut Gulleggið 2008 og peningaverðlaun að auki í Frumkvöðlakeppni Innovit.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður



Trégluggar og -hurðir



Prodema viðarklæðning



Álprófilar – Sapa Building System



Sólstofur og svalalokanir



Hraðhurðir

Stálhurðir með og án glugga

Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!



Álklæddir trégluggar



Álgluggar og -hurðir



Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir



Rennihurðir



Alux öryggislokanir

Renson loftunarristar



Gluggasmiðjan

Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is

Gæða húshanda þér

**Bjálkahús ehf**

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Yfir fimmhundrað hús hafa verið byggð.

Íbúðarhús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar.
HÚSOGHEIMILI - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5a, 110 R, s: 511-1818

FAGÞAK**Alhliða lausnir á flötum þökum**

Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415 · fagthak@fagthak.is

10 efni
í einum brúsa

FIN LUBE TEFLON smur og varnaröfla fyrir allan iðnað og sjávarútveg. Efnið myndar þurra himnu sem hefur langvarandi smureiginleika og er fullkomin vörn gegn tæringu. FIN LUBE þolir vatn, salt og breytilegt hitastig.

kemi ehf.

Sími: 544 5466 / www.kemi.is

**Burt með stimpilgjöldin**

Ríkið innheimtir 1,5% stimpilgjald af skuldabréfum og 0,4% af fasteignamati við útgáfu afsals fyrir fasteign. Þessi skattheimta er úrelt og ósanngjörn.

Nú kreppir að á fasteignamarkaði. Ríkið á að grípa tækifærið og fella niður stimpilgjöldin að fullu.

Það er ekki eftir neinu að bíða.

SI

Samtök iðnaðarins

Sterkur bakhjarl
í síbreytilegu umhverfi

www.si.is



Helgi Thorarensen, prófessor við fiskeldis- og fiskalífraðeild Háskólans á Hólum, telur þorskeldi geta orðið að undirstöðu- atvinnuvegi á landsbyggðinni.

MYND/FEYKIRJIS

Þorskurinn á jurtafóður

Helgi Thorsteinsson, prófessor í fiskeldi og fiskalífraði við Háskólann á Hólum, segir fiskeldi einu leiðina fyrir landsmenn til að halda velli á þorsmörkuðum. Vill hann beita til þess nýstárlegum aðferðum.

Nytjastofnar sjávar eru að minnka og kvótar að skerðast. Helgi Thorarensen, prófessor í fiskeldi og fiskalífraði við Háskólann á Hólum, segir að eina leiðin fyrir Íslendinga til að halda stöðu sinni á þorsmörkuðum sé að hella sér út í fiskeldi. Áður en þorskeldi getur orðið stór atvinnuvegur þarf þó að leysa ýmis vandamál. Eitt af þeim er ódýrara fóður og lausnir gæti verið í jurtaríkinu.

„Framboð á fiskimjöli hefur lengi verið óstöðugt, af skornum skammti og dýrt. Þess vegna er nauðsynlegt að finna aðra lausn. Enda má færa mjög góð rök fyrir því að við eigum ekki að nota prótein úr fiski til að fódra aðra fiska, heldur fyrst og fremst til manneldis ef þess er nokkur kostur,“ segir Helgi.

Hann segir markvissa leit og tilraunir með annars konar fóður hafa staðið yfir undanfarnin fjögur til fimm ár hérlendis. „Aðalmálið er prótín því fiskarnir þurfa mikið af því og það er jafnframt dýrasti hluti fódursins. Ýmsir möguleikar eru á því að nota prótein úr jurtaríkinu og það er í raun eini augljósi kosturinn í stað fiskimjöls,“ segir Helgi, sem hefur ásamt starfsmönnum Háskólans á Hólum, í



Helgi hefur ásamt Jóni Árnasyni fódurfræðingi hjá Mátis skoðað algengar fódurplöntur eins og soja og mais fyrir þorskeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

samstarfi við Jón Árnason fódurfræðing hjá Mátis, meðal annars skoðað algengar fódurplöntur eins og soja og maís.

„Einn mest spennandi kosturinn við þessa þróun er fjölnýting á hráefni fyrir lífrænt eldsneyti. Þegar framleitt er lífrænt eldsneyti verður eftir prótín sem nota má til fiskeldis,“ segir Helgi og heldur áfram: „Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að þorskvótinn, auk nytjastofna sjávar, er að minnka. Þetta er að gerast hér allt í kringum Atlantshaf og engar líkur á að hann muni aukast í bráð. Ef við ætlum að halda stöðu á þorsmarkaði eigum við ekki annarra kosta völ en að hella okkur út í fiskeldi. Þetta hafa Norðmenn þegar gert og stefna að því að framleiða

meiri þorsk í eldi en við með veiðum.“

Helgi segir fóður í dag vegna fiskeldis nema um sextíu prósentum af kostnaði og ódýrara fóður sé því ein forsenda fyrir þessari þróun. „Þorskeldið hefur staðið yfir í nokkurn tíma hérlendis. Þetta er enn á þróunarstigi og það tekur nokkrar kynslóðir að gera þorskinn að húsdýri. Hér eru góðar aðstæður til þorskeldis og við höfum á að skipa sveit sérfræðinga á alþjóðamælikvarða. Þetta er tilvalið tækifæri þar sem hægt er að nota bæði atvinnutækifæri og fjárfestingar sem þegar eru til staðar. Sérstaklega þegar litið er á landsbyggðina þar sem þorskeldið getur án efa orðið undirstaða atvinnu um ókomna tíð,“ segir Helgi.

- rh

Mat á færní og stöðu


Iðan fræðslusetur býður upp á raunfærnimat í nokkrum iðngreinum.

Ýmsir hafa byggt upp umtalsverða færní í ákveðinni iðngrein í gegnum árin en ekki lokið námi, hverjar svo sem ástæðurnar kunna að vera. Þessir einstaklingar búa yfir raunfærni, það er samlagðri færní sem þeir hafa náð með ýmsum hætti, svo sem starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi og fleiru.

Iðan fræðslusetur býður upp á raunfærnimat fyrir slíka einstaklinga, sem kallast Bættu um betur og felst í því að búa til leiðir til að meta færní þáttkenda og

stöðu og gefa þeim kost á að ljúka námi sínu.

Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að nám fari ekki aðeins fram innan skólakerfisins heldur við alls kyns aðstæður. Eins að allt nám sé verðmætt og það sé skjalfest óháð því hvernig það hefur fengist. Tilgangur raunfærnimats er að draga fram og meta fjölbreytilega raunfærni sem einstaklingurinn býr yfir. Þeir sem starfa við blikksmíði, kjötið, pípulagningar, bílamálun, matreiðslu og fleira og eru áhugasamir um þessa nýjung geta aflað sér upplýsinga á www.idan.is eða haft samband í síma 590 6400.



Iðan býður upp á raunfærnimat.

Við ætlum að fjölga fólki



Rúmlega 400 starfsmenn Alcoa Fjarðaáls fagna nú þeim áfanga að búið er að gangsetja síðasta rafgreiningarkerið í öflugustu álframleiðslulínu heims. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við að koma álverinu í Reyðarfirði á laggirnar. Um leið og við kveðjum erlenda sérfræðinga sem hafa aðstoðað okkur við gangsetninguna, ætlum við að fjölga starfsmönnum Fjarðaáls til þess að mæta auknum verkefnum og skapa svigrúm fyrir meiri þjálfun, fræðslu og starfsþróun.

Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfs-

manna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.



AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



Tækifæri til að spreyta sig á verðugum verkefnum

Íslandsmót iðngreina verður haldið næstkomandi föstudag og laugardag í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar. Mótið er forkeppni og undanfari að þátttöku í Euro Skills og World Skills, sem er alþjóðleg keppni iðngreina, og munu áttatíu keppendur berjast sín á milli um að komast þangað.

„Markmiðið er fyrst og fremst að vekja athygli á tækifærum sem eru í iðn- og starfsnámi,” segir Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri hjá Iðnmennt, sem sér um almennan undirbúning og skipulagningu mótsins en hefur gert samstarfssamning við AP almannatengsl sem sjá um kynningarmál og framkvæmd viðburðarins. Tryggvi bætir því við að þetta eigi líka að gefa nemendum tækifæri á að spreyta sig á verðugum verkefnum og vera jákvætt veganesti fyrir þann sem verður Íslandsmeistari eða Norðurlandsmeistari.

Keppendur eru iðnnemar og nýútskrifaðir iðnaðarmenn, 22 ára og yngri. Keppt verður

í málmsuðu, trésmíði, pípu-lögn, bílaiðngreinum, múrverki, málaraiðn, dúklagningum, hársnyrtingu, snyrtifræði, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og rafvirkjun. Auk þess verða nokkrar aðrar greinar kynntar á mótinu; fatahönnun, matvælaíðngreinar, skrudgarðyrkja, gluggaústillingar og rafeindavirkjun.

„Í sumum greinum er nokkuð ljóst hvernig keppnin fer fram, eins og í smíði þar sem hægt er að mæla og sjá hversu vel nemendum tekst að fylgja leiðbeinandi teikningum. En svo eru greinar eins og hársnyrtið þar sem hlutlægt mat kemur líka inn í þetta. Þetta er spurning um nákvæmni og fagleg vinnubrögð, að fylgja leiðbeiningum og leysa verkefni vel af hendi svo þau líti vel út,” segir Tryggvi og bætir við að á erlendum iðngreinamótum sé keppt í ótrúlegustu greinum, meðal annars umönnun eldri borgara.

„Ef það er vilji fyrir því að setja upp keppni virðist það alltaf vera hægt,” segir Tryggvi. „Við viljum beina því til ungs fólks sem er að fara að taka mikilvægar ákvarðanir um framtíðar-

nám að það noti þetta tækifæri til að kynna sér og athuga hvað nemendur í iðn- og starfsnámi eru að gera og hvað þeir fara að gera þegar þeir eru búnir í námi.”


Eins og áður segir fer mótið fram í anddyri Laugardalshallarinnar, þar sem frítt er inn og allir velkomnir að líta við og fylgjast með keppninni. Húsið er opnað klukkan níu um morguninn, en keppni í öllum greinum hefst um tíuleytið og stendur yfir til klukkan sex um kvöldið.

„Það verður heilmikið að gera. Verkin í keppninni verða til sýnis og svo er alltaf gaman að prófa styrkleika og stöðugleika,” segir Tryggvi, sem hvetur alla til að mæta.

- nrg

Tryggvi Thayer hjá Iðnmennt segir keppnina gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á verðugum verkefnum. Að skipulagningu keppnisgreina koma Félag hársnyrtisveina, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag pípu- og málmalagninga-meistarara, Félag vélstjóra og málmteknimanna, Rafiðnaðarsamband Íslands og IÐAN – fræðslusetur. Aðalbachjarlar mótsins eru Samtök iðnaðarins og menntamálaráðuneytið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





Fibo-Trespo

Baðplötur



Nýtt!
Flísabaðplötur..
Auðvelt að setja upp..
Auðvelt að þrifa..



P. PORGRÍMSSON & Co
 Ármúla 29 - Sími: 553 8640

Stærð: 600 x 2400mm

www.korkur.is



Endurnýjunar- og
viðhaldskerfi fyrir þök



Gerðu eitthvað áður en það er orðið of seint og sparaðu stórfé



Allan sólarhringinn, árið um kring, keppast náttúru-
öflin við að losa nagla og skrúfur, opna samskeyti og
tæra yfirborð þaksins. En Pace® þakvarnarkerfið hægir
svo um munar á tímans tönn og lengir líftíma þaksins
fyrir mikið minna en það kostar að henda því og setja
nýtt. Tikk-takk... hringdu núna.



Fáðu þakið metið
strax í dag þér að
kostnaðalaus

696 7282
pace@coat.is

www.glerborg.is

GLERBORG PGV
VERÐUR Á SÝNINGUNNI **VERK OG VIT**
NÚNA UM UM HELGINA OG KYNNIR VÖRU SÍNA
ÁSAMT **HÚSI FRAMTÍÐAR EHF.**

GLER **SPEGLAR** GLUGGAR **HURÐIR** SÓLSTOFUR **SVALALOKANIR**

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU



565 0000



GLERBORG PGV

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 | Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 | Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440

hagkerfinu

deyrisforða Seðlabankans. Vangaveltur eru uppi um gjaldeyri í Seðlabankanum. Björgvin Guðmundsson



FÓLK ÚR FJÁRMÁLALÍFINU Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKANS Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur minnt bankana reglulega á að þeir beri sjálfir ábyrgð á starfsemi sinni og vexti. Gagnrýnendur segja að Seðlabankanum beri að sinna hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara hvort sem bankarnir starfi hér á landi eða erlendis. Ef bankinn treysti sér ekki til þess vegna þess hversu umfangsmikil erlend starfsemi bankanna er bar honum að koma þeim sjónarmiðum á framfæri eða gera þeim erfiðara um vik að stækka, til dæmis með því að hækka bindiskyldu eða með öðrum inngripum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FORYSTUMENN EFNAHAGSMÁLA Seðlabankastjóri hefur ekki talað af jafn mikilli festu og forsætisráðherra um mikilvægi þess að stækka gjaldeyrisvarasjóðinn. Samstarf þeirra á milli er þó talið gott þó að hægt sé að benda á mismunandi áherslur í tali þeirra um efnahagsmál síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ósáttir við stýrivaxtastefnu bankans í mörg ár. Hins vegar séu menn nú komnir út í horn. Við þær aðstæður séu stjórnendur Seðlabankans, með sína sérfræðinga á bak við sig, tilbúnir að gera allt til þess að sanna að þessi peningamálastefna gangi upp. Til þess þurfi að hækka stýrivexti upp úr öllu valdi og ná niður væntingum um hækkan verðlags. Það kosti mikinn samdrátt, sem geti endað með brotningu hagkerfisins. Stjórnendur Seðlabankans hafi bara ekki pólitískt umboð til þess, enda í andstöðu við vilja ríkisstjórnar. Seðlabankinn hafi líka það hlutverk að halda hjólum efnahagslífsins gangandi.

NÚNINGUR Í NEDRI LÖGUM

Það er ljóst að nokkur núningur er á milli manna í ríkisstjórn og í Seðlabankanum. Það er hins vegar skylda æðstu manna á báðum stöðum að taka höndum saman þegar kreppir að fjármálafyrirtækjum. Enda er reglulegt samráð á milli ráðuneytisstjóra lykilorðuneyta, seðlabankamanna og forstjóra Fjármálaeftirlits. Núningurinn birtist fyrst og fremst neðar í stjórnkerfinu. Engum finnst nóg að gert og allir tala um gjaldeyrisforðann.

Pirringurinn birtist meðal annars í því að yfirlýsingar hafi verið gefnar um aðgerðir en ekkert gerist. Of langur tími hafi liðið. Stjórnarþingmenn segja því þörf á að ráðast í verkefnið og þá tala flestir um gjaldeyrisforðann. Það gangi ekki lengur að bíða eftir einhverjum hagstæðum skilyrðum. Annað hvort taki menn lán á núverandi kjörum eða gefi út yfirlýsingu um að ekki verði ráðist í

þá framkvæmd. Hins vegar er það til marks um hversu skammt á veg öll hugsun varðandi gjaldeyrisforðann er komin að enginn getur sagt neitt ákveðið um hvað eigi að gera þegar búið sé að efla Seðlabankann. Á gjaldeyrisvaraförðinn að virka sem vopnabúr sem gripið verði til ef á þarf að halda og á fjármálakerfið ráðist? Eða á að veita fjármálafyrirtækjum aðgang að þessum sjóðum þannig að þeir geti sótt sér gjaldeyri í Seðlabankann með því að leggja íslensk verðbréf inn á móti? Það mundi skipta bankana meiru máli.

Mikil ásókn í ríkistryggð verðbréf

Fjármálafyrirtæki vildu á miðvikudag kaupa innistæðubréf hjá Seðlabankanum fyrir 67 milljarða króna. Útgáfa bankans nam hins vegar fimmtíu milljörðum króna og því var umframeftirspurn nokkur. Þetta kom fram í máli Davíðs Oddssonar á fundi í Seðlabankanum í síðustu viku. Hann sagði að vegna þessa yrði útgáfan stækkuð um 25 milljarða og næmi því 75 milljörðum sem verður í dag.

Innistæðubréf voru nýlega gefin út rafrænt og því framseljanleg til nafngreindra aðila. Það þýðir í raun að fjármálafyrirtæki geta selt þau erlendum aðilum sem vilja nýta sér

háa vexti á íslenskum krónum. Eftir stýrivaxtahækkunina á fimmtudaginn fá eigendur bréffanna, sem eru ríkistryggð, greiddar 15,25 prósentur í vexti eftir næsta miðvikudag.

Þetta er ein aðgerð Seðlabankans til að auka eftirspurn eftir krónum og styðja við gengið. Einnig er þetta leið framhjá vandræðum sem hafa skapast á gjaldeyrisskiptamarkaði vegna skorts á erlendum gjaldeyri. Í staðinn hafa verið gefnir út ríkistryggð verðbréf, eins og skuldabréf og nú rafræn innistæðubréf, til skemmrí tíma sem útflendingar jafnt sem aðrir geta fjárfest í.

-bg

KRÓNUM

Þetta svar er talið sýna fram á það að stjórnendur Seðlabankans hafa ekki hug á að veita fjármálafyrirtækjum aðgang að erlendum gjaldeyri. Þeir þurfa að bjarga sér sjálfir á alþjóðlegum lánamörkuðum. Ein leiðin sem hefur verið til umræðu er einhver konar samningur milli Seðlabanka Íslands og annarra seðlabanka um aðgang að lausu fé í erlendri mynt. Slíka gjaldeyrisskiptasamninga gerðu seðlabankar G-10 ríkjana til að veita bönkum í Bandaríkjunum og víðar aðgang að evrum og öfugt.

Hálfopinbert gengismarkmið

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði á stýrivaxtafundum á fimmtudaginn að bankinn starfaði á verðbólguþröngumarkmiði en ekki gengismarkmiði. Samt hefur áhersla bankans á gengi íslensku krónunnar aukist síðustu misseri. Það má sjá í Peningamálum.

Ástæðan er meðal annars sú að gengisbreytingar hafa mikil áhrif á verðlag. Í óbirtri rannsókn Þórarins G. Péturssonar, staðgengils aðalhaf fræðings Seðlabankans, kemur fram að áhrif gengisbreytinga á verðlag hér á landi séu tuttuguföld miðað við í Bandaríkjunum.

Sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við segja að þessi staðreynd ýti Seðlabankanum út í meiri vangaveltur um þróun gengisins en áður. Viðuræðingurinn felst meðal annars í því að hafa áhrif á gengið til að ná niður væntingum. Hins vegar hafi Seðlabankinn ekkert markmið um hvar gengisvísitalan eigi að standa til lengri tíma. Þetta sé staðreynd sem horfast verði í augu við. Þetta geti hins vegar sett bankann í vanda og hann tapað



RICHARD PORTES



FRÍÐRIK MÁR BALDURSSON



ÞÓRARINN G. PÉTURSSON

áttum við stjórnun peningamála.

Friðrik Már Baldursson, prófessor í Háskólanum í Reykjavík, benti á það í fyrirllestri í Seðlabankanum í janúar að það hefði margoft komið fram í skrifum Seðlabanka Íslands að gengið væri álitid mikilvægur áhrifaþáttur verðlags og að gripið yrði inn í ef það þróaðist með öðrum hætti en bankinn teldi æskilegt. Í

riti hans og Richards Portes, prófessors við London Business School, sem kom út í nóvember í fyrra, kom fram ákveðin gagnrýni á bankann fyrir þetta hálfopinberta gengismarkmið. Það drægi frekar úr biti peningastefnunnar og ynni gegn markmiðum Seðlabankans.

Aðspurðir neita stjórnendur Seðlabankans að unnið sé eftir gengismark-

miði. Hins vegar er ljóst að talað er opinþáttur um gengið í Peningamálum en áður. Þannig sagði á fimmtudaginn í stefnuyfirlýsingu bankastjórnar: „Æskilegt er að gengi krónunnar styrkist frá þeirri dýfu sem það tók í mars. Vaxtahækkunin 25. mars, ásamt öðrum aðgerðum sem þá voru kynntar, studdi við gengi krónunnar.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Enn er beðið eftir útspili ríkisstjórnar og Seðlabankans til stuðnings íslensku fjármálalífi.

Orð og efndir

Björn Ingi Hrafnsson

Óhætt er að fullyrða að veður séu viðsjál í íslensku efnahagslífi nú um stundir. Dökk þjóðhagsspa Seðlabankans, þar sem gert er ráð fyrir tveggja stafa verðbólgu, sex prósentatvinnuleysi og þrjátíu prósentatvinnuleysi, hefur valdið ólgu í samfélaginu. Vaxtahækkunir bankans duga skammt; krónan veikt áfram og erlend lán fyrirtækja og einstaklinga sveiflast sem aldrei fyrr.

Viðskiptalífið kallar eftir samræmdum aðgerðum þeirra sem ábyrgð bera á stjórn peningamála; það gera aðilar á markaði sömu-leiðis. Verkalýðshreyfingin kallar eftir nýrri þjóðarsátt, en Samtök atvinnulífsins gefa íslensku krónunni felleinkunn á alla lund og vilja taka upp evru einhliða innan viðskiptalífsins. Virtir fræðimenn kalla eftir allsherjar uppstokkun á skipulagi Seðlabankans og telja einsýnt að hvort tveggja bankaráð og bankastjórn víki. Erlendir vogunarsjóðir herja á íslenskt fjármálakerfi og fleiri en tveir hittast vart hér á landi um þessar mundir, öðruvísi en svo að talið berist að þeim þrengingum sem steðja að því sem aðeins fyrir fáeinum mánuðum gekk undir nafninu íslenska efnahagsundrið.

Á tímum ólgu og óvissu í efnahagslegri tilveru heillar þjóðar er vitaskuld mikilvægt að rasa ekki um ráð fram og draga hvorki upp of dökka mynd af ástandi né falsmynd bjartsýni sem engin innistæða er fyrir. Af þeim sökum er ljóst að ýmislegt af því sem sagt hefur verið síðustu daga hefði vel mátt missa sín. Þannig er ekki komið að því að ríkisvæða bankana til að geta einkavætt þá á nýjan leik, eins og haldið hefur fram. En jafnljóst er einnig að yfirlýsing forsætisráðherra á Alþingi á dögunum, um að botninum væri náð og það versta væri yfirstaðið, á sér fáa formælendur enda þótt flestir vildu helst af öllu óska að satt væri.

Hið sanna er að enginn veit nákvæmlega hver staðan er. Óvissan er bein ávísun á vantraust og tortryggni, en hvort tveggja er eitru í beinum þeirra sem á markaði starfa. Traust er víða fyrir bí, bankar eru hvattir til að birta raunveruleg útlánatöp sín svo unnt sé að leggja raunsætt mat á umfang vandans og víða um heim hittast stjórnmalaleiðtogar á neyðarfundum til að ráða ráðum sínum.

Í slíku ástandi vega orð þeirra sem um stjórnartauminn halda þungt. Engum vafa er þannig undirorpið að skýrar yfirlýsingar viðskiptaráðherra, utanríkisráðherra og forsætisráðherra um að íslensk stjórnvöld muni vera bönkunum raunverulegur bakhjarl, reynist til þess nauðsyn, skipta miklu máli og hafa róað erlenda greinendur og lánardrottna. Að sama skapi er ljóst að efndir þurfa að fylgja orðum. Spurt er: Hvernig mun það gerast? Með því að auka gjaldeyrisvaraförðun? Með samstarfi við aðra seðlabanka? Með lánalínum eða skuldabréfakaupum? Meðan svörin berast ekki magnast óvissan og óþægilegur grunur kann að læðast að fleiri en einum. Ekki síst þegar misvísandi skilaboð berast frá Seðlabankanum, sem virðist líta ástandið öðrum augum og dregur markvisst úr væntingum um stefnumarkandi aðgerðir á næstunni. Hvernig má það vera?

Hið sama á við í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Yfirlýsingar um að aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru sé ekki á dagskrá á kjörtímabilinu duga skammt þegar öllum má vera ljóst að núverandi ástand gengur ekki. Atvinnulífið hefur sýnt með viðbrögðum sínum að það treystir sér ekki til að biða svo lengi eftir niðurstöðu sem fleiri og fleiri finnst blasa nú þegar við. Íslenska krónan dugar einfaldlega ekki lengur. Tímarnir hafa breyst, raunveruleikinn er annar en áður var, hversu sársaukafullt sem það kann að vera. Stjórnmalaflokkarnir munu ekki ná að berja niður þá umræðu, enda þótt þeir óttist afleiðingar hennar og mögulegan klofning í sínum röðum. Þjóðin verður sjálf að ráða sínum örlögum og aðeins í samningaviðræðum fæst úr því skorið hvort videigandi niðurstæða næst eða ekki. Að öðrum kosti verða til tvær þjóðir í þessu landi; ein sem sinnir viðskiptum og þiggur laun í evrum og svo hin, sem skipuð er þorra almennings í landinu og er dæmd til að taka á sig byrðar verðbólgu, vaxta og veikari krónu. Varla telst það gæfuleg framtíðarsýn?

Niðurstæðan er því sú að orðum verða að fylgja efndir. Þeir ráðherrar sem segjast hlyntir aðild að ESB og upptöku evrunnar hafa öll tæki til þess að setja málið á dagskrá. Margir munu taka slíkum skilaboðum fagnandi. Sama á við um útspil ríkisstjórnarinnar til stuðnings fjármálakerfinu. Ekki dugir að fljóta sofandi að feigðarósi. Einhverjar aðgerðir þarf til af hálfu stjórnvalda í þessari viku í því skyni að róa markaðinn og skapa traust á íslensku efnahagslífi. Það er enginn að biðja ríkið um að gefa bönkunum peninga. Hins vegar þarf núna alvöru aðgerðir, traustvekjandi spor til að hrekja þær spár að litla Ísland standi nú frammi fyrir vanda sem það ráði hreinlega ekki við.

Þegar forsætisráðherra ávarpar ársfund Samtaka atvinnulífsins næstkomandi föstudag verður vonandi ljóst í hverju útspilin felast, ef ekki fyrir fundinn þá á honum sjálfum. Takist ráðherra vel til í þeim efnum, sem allar vonir standa til, getur það orðið raunverulegur vendipunktur. Þá má ef til vill leyfa sér þann munað að spyrja hvort botninum sé náð. Það er því óhætt að segja að væntingarnar séu miklar. Og skyldi engan undra í þeim efnum.

bjorgvin@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Heimsmet í bókhaldinu

Eignir og skuldir íslensku þjóðarinnar erlendis hafa aukist gríðarlega á undanförunum árum. Mikið hefur verið fjallað um fjárfestingar íslenskra einstaklinga og fyrirtækja erlendis á undanförunum árum. Hratt vaxandi skuldir þjóðarinnar hafa einnig orðið mörgum að umtalsefni.

ORÐ Í BELG

Lúdvík Elíasson
hagfræðingur
og sérfræðingur
greiningardeildar
Landsbanka Íslands.



SKULDUGASTA ÞJÓÐ Í HEIMI?

Seðlabankinn birtir reglulega tölur sem sýna eigna- og skuldastöðu þjóðarinnar. Í nýjustu tölum, sem sýna stöðu eigna og skulda í lok síðasta árs, sést að hreinar eignir þjóðarinnar erlendis eru um fimmföld landsframleiðsla en skuldir þjóðarinnar til útlanda eru hærrí, eða um 6,3 sinnum landsframleiðsla. Munurinn, það er að segja erlendar skuldir umfram erlendar eignir, var um síðustu áramót um 1.584 milljarðar króna eða um 5 milljónir á hvern Íslending. Ýmsir áhugamenn um hag-tölur gripu þessa staðreynd á lofti þegar tölurnar birtust í byrjun síðasta mánaðar og einhverjir bentu á að hér væri líkast til um enn eitt heimsmet þjóðarinnar að ræða. Aðrir fullyrtu að hér sæist svart á hvítu í tölum Seðlabankans að fjárfestingar Íslendinga erlendis væru svo skulðsett ar að þær væru byrði á þjóðinni. Þetta er alvarlegt ef rétt reynist og þess vegna er mikilvægt að skoða betur hvað er á bak við þessar tölur.

EIGNIR ÚTLENDINGA OG SKULDIR ÍSLENDINGA

Um síðustu áramót námu skuldir þjóðarinnar rúmum 8 billjónum (átta þúsund milljörðum). Þar af eru 758 milljarðar vegna beinnar fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi og um 3,7 billjónir vegna fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum verðbréfum. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að á meðal þessara erlendu aðila eru einnig þeir Íslendingar sem

eru með lögheimili erlendis eða eiga hér eignir sem eru skráðar á eignarhaldsfélög sem skráð eru erlendis. Hlutur þessara Íslendinga í eignum „erlendra aðila“ hér á landi hefur vaxið ört á undanförunum árum. En það eru ekki aðeins eignir útlendinga sem teljast til skulda Íslendinga því einnig er um að ræða lántökur Íslendinga í útlöndum en þær námu alls 3,6 billjónum um síðustu áramót. Langstærsti hluti þeirra skulda er vegna fjármögnunar á erlendri starfsemi bankakerfisins, sem er því lánad út erlendis og því myndast tekju-streymi á móti þeim skuldum í útlöndum. Þær hafa því afar lítið með íslenska hagkerfið að gera. Inni í þessari tölu eru meðal annars innistæður útlendinga í erlendum starfsstöðvum íslensku bankanna, en þær námu 1,3 billjón krónum um síðustu áramót.

EIGNIR ÍSLENDINGA OG SKULDIR ÚTLENDINGA

Um síðustu áramót námu eignir Íslendinga erlendis alls 6,5 billjónum króna samkvæmt tölum Seðlabankans. Þar af telst 1.571 milljarðar króna til beinnar fjárfestingar og 1.672 milljarðar til erlendarar verðbréfaeignar. Aðrar eignir, þ.e. lán til erlendra aðila, erlendar innistæður og gjaldeyrisforðinn, námu alls rúmum 3,2 billjónum. Samkvæmt þessu voru því erlendar skuldir þjóðarinnar rúmum 1,5 billjónum umfram erlendar eignir en það voru um 124 prósent af landsframleiðslu, eða 5 milljón-



Í BANKANUM Greinarhöfundur vekur á því athygli að vissara sé að rýna vel í tölur um skuldir og eignir þjóðarinnar, eigi að vera hægt að draga af þeim réttar ályktanir.

ORÐSKÝRINGIN

Markgengi

Markgengi er orð sem dúkkar reglulega upp í umfjöllun um afkomuspár greiningardeilda bankanna. Þar er verið að fjalla um væntingar til gengis fyrirtækja sem skráð eru í kauphöll. Orðið er nokkuð gagnsætt, líkt og mörg önnur orð sem notuð eru í fjármálalífinu. Alla jafna er vísað til þess gengis hlutabréfa ákveðinna fyrirtækja sem greinendur vænast til að náist á ákveðnum tímamarki. Þannig getur

markgengi bréfa einhvers fyrirtækis verið X margar krónur að sex eða tólf mánuðum liðnum.

Markgengi er það sem á enska tungu nefnist „target price“ og getur átt við um fleira en vænt gengi hlutabréfa. Þannig er hægt að nota markgengi í tengslum við yfirtökur fyrirtækja og þá í því samhengi á hvaða verði sá sem tekur yfir ætlar sér að kaupa.



ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalstein Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBREFF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ ... JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Ráðsettur rokkari í smásölu

Jón Ásgeir Jóhannesson, fertugur vatnsberi, er starfandi stjórnarformaður Baugs Group. Hann er einhver valdamesti maðurinn í íslensku viðskiptalífi og var í fyrra valinn sá þriðji valdamesti í smásölugeira Breti.



Í viðtali á CNBC Europe-sjónvarpsfréttastöðinni á mánudag héldu spyrjar því fram að hann væri nú valdamestur í bresku smásölu. Jón dró þar heldur úr en kvaðst þó með þeim stærstu. „Við erum með um 36 vörumerki þar sem við erum leiðandi fjárfestir,“ sagði hann högvær. „En það er alveg rétt, vöxturinn hefur verið hraður á skömmum tíma.“

Jón Ásgeir er maðurinn á bak við Baugsveldið. Rætur þess liggja beint til fyrstu Bónusverzlunarinnar sem hann stofnaði með föður sínum Jóhannesi Jónssyni (sem alla jafna er kenndur við Bónus) árið 1989. Sama ár útskrifaðist Jón Ásgeir frá Verzlunarskóla Íslands. Tæpum áratug síðar var Jón Ásgeir orðinn forstjóri Baugs Group og hafa umsvif félagsins aukist stórum skrefum síðan. Í árslok 2003 var Baugur Group með mest umsvif íslenskra fyrirtækja utan landsteinanna og um leið stærsta fyrirtæki landsins.

Jón Ásgeir hefur löngum haft yfir sér dálitla rokkaraímynd,

sem er vafalaust til komin vegna þess hve ungur hann var að árum þegar hann var farinn að láta til sín taka í viðskiptalífinu. Hann er enn frjálsslegur í fasi þótt hann sé orðinn ráðsettari, en í fyrravetur gekk hann að eiga Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur,

unnustu sína til margra ára. Töluvert var lagt í brúðkaupið og nokkuð fjölmiðlafár í kringum það. Jón Ásgeir hefur samt ekki viljað berast um of á þrátt fyrir að hafa safnað auði og hefur fremur reynt að halda persónu sinni og fjölskyldu úr kastljósi fjölmiðla. Vitað er þó um bíladellu Jóns og að hann safnar bílum, þótt ekki hafi hann viljað fá umfjöllun um þá söfnun. Og þótt Jón Ásgeir berist ekki um of á hér á klakanum berast engu að síður fregnir af útgjöldum í útlöndum sem meðaljóninn getur ekki látið sig dreyma um, svo sem af snekkjukaupum og fjárfestingum í lúxusíbúðum í New York-borg.

Baugur Group og forsvarsmenn félagsins hafa um árabil mátt sæta skattrannsókn og opinberri málsókn tengdri meintri fjármálamisferli. Ákærum hefur þó að langstærstum hluta verið hrundið. Í viðtalinu á CNBC sagðist Jón Ásgeir fullviss um að þessi mál væru að baki og að ekki væri von á því að ákæru yrðu gefnar út að nýju.

PÓSTURINN www.postur.is
SÍMI 580 1000 postur@postur.is
SP 06 878 215 8 25

HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA

POSTURINN
eður posturinn

www.icelandaircargo.is

HVOR LEIÐIN HENTAR ÞÉR?
VIÐ FLJÚGUM YFIR 200 SINNUM Í VIKU
TIL EVRÓPU OG BANDARÍKJANNA

Það eru aðeins tvær leiðir með vörur til og frá Íslandi. Fraktflug með Icelandair Cargo býður þér hraðan og hagkvæman flutningsmáta með fraktflugi oftast en 200 sinnum í viku á milli Íslands, annarra Evrópulanda og Bandaríkjanna.

ICELANDAIR
CARGO



– hagkvæmur flutningsmáti

Breyting á viðmiðum myndi auka verðbólgu

Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir að afnema eigi viðmið um fasteigna- og brunabótamat í útlánum sjóðsins. Félagsmálaráðherra útilokar það ekki, en segir það mundu auka verðbólgu við núverandi aðstæður.

Ingimar Karl Helgason og Björn Þór Sigbjörnsson skrifa

„Það eru engin rök fyrir þessu viðmiði og það ætti að hafa verið afnumið fyrir lifandis löngu,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Þar vísar hann til þess að lán sjóðsins eru tiltekið hlutfall af fasteigna- og brunabótamati, en ekki markaðsvirði. Viðmiðið er bundið í reglugerð og er því hægt að breyta því án þess að breyta lögum.

Guðmundur segir að þetta viðmið sé flókið og ógegnsætt. „Eigi að halda lánum sjóðsins niðri, þá er eðlilegt að gera það bara með hámarksláni,“ segir Guðmundur.

„Breyting á lánviðmiðum er eitt af því sem við höfum horft til hér í ráðuneytinu,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra. Hún segir að ýmis rök séu fyrir þessu „enda algengt að lánshlutfallið sé ekki nema 50 eða 60 prósent af kaupverði og jafnvel enn minna hér á höfuðborgarsvæðinu“. Hins vegar hafi ekkert verið ákveðið í þessum efnunum. „Við þurfum að sjá hvenær rétt er að grípa til aðgerða til að örva fasteignamarkaðinn,“ segir Jóhanna og bætir við að engum sé greiði gerður með því að ýta undir verðbólgu með sérstökum aðgerðum. „Svona breyting myndi örugglega gera það.“

Vextir af lánum Íbúðalánasjóðs eru nú 5,5 prósent. Sjóðurinn lánar mest 18 milljónir króna eða 80 prósent af fasteigna- og brunabótamati húsnæðis.

Meðalupphæð þeirra kaupsaminga sem gerðir voru á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku var ríflega 29 milljónir króna.

Bresk stjórnvöld hafa sett þrýsting á banka þar í landi um að lækka vexti húsnæðislána. Vextir af húsnæðislánum hér, sem raunar eru verðtryggðir, hafa farið hækkandi. Íbúðalánasjóður fjármagnar sín lán með útboði íbúðabréfa. Vextir á lánum sjóðsins ákvarðast af kjörum á markaði, að viðbættu álaga sjóðsins, sem er 0,45 prósent, sé ekki gert ráð fyrir því að fólk greiði lánin upp.

Til stóð að sjóðurinn byði út ellefu til þrettán milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins. Því var frestað.

„Það eru sveiflur í ávöxtunarkröfunni, en ég geri ráð fyrir að hún myndi lækka færum við í útboð nú,“ segir Guðmundur og bætir því við að svo hefði einnig orðið hefði sjóðurinn farið í útboð snemma á fyrsta fjórðungi. Hann neitar því að stjórnvöld hafi komið í veg fyrir útboð sem hefði haft í för með sér lækkan vaxta. „Ég hafna því alfarið að stjórnvöld hafi sett þrýsting á sjóðinn. Útboðin hafa eingöngu farið eftir fjárförf sjóðsins.“



HAGFRÆÐINGUR Í HEIMSÓKN Finn Kydland mun ræða um styrka stjórnsýslu efnahagsmála á fundi í Háskólanum í Reykjavík.

Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði til Íslands

Finn Kydland, sem hlaut nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 2004, heldur tvo fyrirlestra á vegum Háskólans í Reykjavík dagana 15.-20. apríl næstkomandi. Í fyrri fyrirlesturinum, sem ber heitið Efnahagsstefna og hagvöxtur: Um mikilvægi stefnufestu til langs tíma, mun Kydland útskýra hvers vegna sumum þjóðum hefur tekist að hafa styrka stjórn á efnahagsmálum sínum og að tryggja góðan hagvöxt en öðrum hefur mistekist þetta. Í fyrirlesturinum byggir Kydland meðal annars á þeim rannsóknum sem hann fékk nóbelsverðlaun fyrir, auk nýlegra rannsókna þar sem

hann lítur til reynslu landa á borð við Argentínu og Írland.

Seinni fyrirlesturinn er málstofa ætluð þeim sem hafa meiri hagfræðipækkingu. Í málstofunni verður fjallað um nýlega grein (Endogenous Money, Inflation and Welfare) sem Kydland skrifaði ásamt Espen Henriksen. Í henni leggja þeir mat á samfélagslegan ábata af peningamálstefnu sem dregur úr verðbólgu. Efnid er sérlega áhugavert í ljósi mikillar umræðu á Íslandi um kosti og galla peningamálstefnu Seðlabankans, að því er Háskólinn í Reykjavík segir í tilkynningu.

Aflinn verðmætari

Heildarafli íslenskra skipa í mars, metinn á föstu verði, var 7,6 prósentum meiri en í sama mánuði í fyrra, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það sem af er árinu hefur aflinn dregist saman um 10,7 prósent miðað við sama tímabil í fyrra, sé hann metinn á föstu verði.

Aflinn í síðasta mánuði var raunar nokkru meiri en í sama mánuði fyrir ári. Hann var ríflega 169 tonn nú, en 162 í fyrra. Þorskaflinn dróst þó saman um 4.200 tonn en karfaaflinn jókst um 2.700 tonn og ýsuaflinn um 1.800 tonn.

Loðnaaflinn jókst um 18.600 tonn en kolmunnaflinn dróst nokkuð saman frá sama tíma í fyrra.

- ikh



LOÐNUVINNSLA Loðnaaflinn jókst verulega í síðasta mánuði miðað við sama tíma í fyrra.



SAMNINGURINN INNSIGLAÐUR Þorsteinn Siglaugsson, framkvæmdastjóri hjá Sjonarrönd, og Ívar Harðarson, sölu- og markaðsstjóri hjá Landsteinum Streng.

Landsteinar Strengur dreifir Valueplan

Landsteinar Strengur hefur gert samning við Sjonarrönd ehf. um sölu og dreifingu áætlanakerfisins ValuePlan.

Kerfið heldur utan um alla áætlanagerð, allt frá sölu-, verkefna- og launaáætlunum yfir í rekstraráætlanir og sjóðstreymisspár, og er í notkun hjá

fjöldi íslenskra fyrirtækja.

Ívar Harðarson, sölu- og markaðsstjóri Landsteina Strengs, segir í tilkynningu ValuePlan góða viðbót í vörulínu fyrirtækisins og styðja við það markmið fyrirtækisins að bjóða upp á heildarlaunsir í upplýsingatækni.

- jab



Góð uppskrift að árangri

GUÐMUNDUR SIGURÐSSON, VOGABÆR

Fyrirtækjapjónusta

KAUPPING Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjapjónustu Kauppings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálapjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavinir okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kauppings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is

Hversu lítið er of mikið?

Mikill meirihluti fólks vill ekki að börnum séu birtar auglýsingar í sjónvarpi. Enn fleiri vilja samt auglýsa hollustu og heilbriggt lífni. Spyrja má hvort auglýsingar um hollustu séu leið til þess að selja börnum leikföng. Útvarpsstjóri segir koma til greina að hætta að auglýsa í kringum barnatíma. Forstjóri 365 tekur það ekki í mál. Erlendar rannsóknir sýna að börn hafa mikil áhrif á útgjöld heimila.

Þetta skiptir engum sköpum fyrir tekjur stöðvanna,“ sagði Páll Magnússon útvarpsstjóri í pallborðsumræðum á málþingi um nýja sjónvarps-tilskipun Evrópusambandsins, þegar rætt var um auglýsingar í barnatímum sjónvarpsstöðvanna.

Málþingið var haldið fyrir helgi, en þar var meðal annars mikið fjallað um auglýsingar sem beint er að börnum. Í tengslum við tilskipunina sjálfa var raunar einkum fjallað um takmörkun á auglýsingum á óhollu fæði.

ALMENNINGUR GEGN AUGLÝSINGUM

Elfa Ýr Gylfadóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, kynnti könnun á viðhorfum til auglýsinga sem beint er að börnum. Þar kemur meðal annars fram að mikill meirihluti fólks er á móti því að auglýsingum sé beint til barna. Þar kemur raunar einnig fram að enn stærri meirihluti telur óhætt að beina auglýsingum um hollar matvörur og heilbrigða lífshætti til barna.

Í sjónvarpstilskipuninni er birtur ákveðinn rammi, þar sem meðal annars segir að magn auglýsinga megi ekki fara yfir tólf mínútur á klukkustund. Einstökum ríkjum er raunar heimilt að þrengja þessar heimildir. Jafnframt er gefið svigrúm til þess að aðilar á markaði semji um það sín á milli hversu langt eða skammt skuli ganga í þessum efnum.

Ingvi Jökull Logason, formaður Sambands íslenskra auglýsingastofa, segir ekki rétt að banna auglýsingar í kringum barnatíma. Erfitt sé að koma alfarið í veg fyrir að börn verði fyrir áreiti auglýsinga, auk þess finni auglýsendur leiðir framhjá bönnum. Þrýnna sé að auka auglýsingalæsi barna. Hann segir að auglýsingum sé beint að börnum, vegna þess að þau séu kaupendur. „Börn búa til kauphegðun.“

BANN EÐA EKKI?

Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði að Ríkisútvarpinu væri ekkert kappsmál að auglýsa í eða í kringum barnatíma. „Þetta skiptir engum sköpum í sambandi við tekjurnar. Við erum alveg til í hvaða niðurstöðu sem er.“

Hann bætti því við að málið væri flókið. Ef banna ætti auglýsingar í og kringum barnaefni, „eigum við þá líka að gera það varðandi heilbrigðu auglýsingarnar sem lúta að því að hvetja börn til heilbrigðra lífshátta, mataræðis og svo framvegis, eða á bara að banna auglýsingar sem höfða til barna?“

Ari Edwald, forstjóri 365, sagði að forsenda fyrir umræðu af þessu tagi væri að fá botn í stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsinga-

AUÐVELD BRÁÐ? Áður en langt um líður reyna auglýsendur að ná til þessarra barna, en auglýsingar eru sýndar við barnatíma sjónvarpsstöðvanna. Formaður Sambands íslenskra auglýsingastofa segir að börn hafi mikið að segja um útgjöld heimila. Það segja líka erlendar rannsóknir.



markaði. „Við erum ekki í aðstöðu til að semja okkur frá neinu sviði tekjuöflunar við þær aðstæður sem nú er.“

GULRÆTUR SELJA DÓT

Nokkuð var rætt um hollustu eða óhollustu í auglýsingum. Til að mynda sagði Páll Magnússon að sér væri ókleift að meta hvar draga ætti línuna þar á milli. Dæmi væru um að mjólkurvörur, sem taldar væru til hollustu, væru jafnvel sykraðri en gosdrykkir, sem taldar væru óhollir. Fram kom í máli Elfu Ýrar að yrði bannað að beina auglýsingum að börnum, eða markaðsaðilar semdu um slíkt, myndi það einnig þýða að auglýsingar sem hvettu til jákvæðs lífsstíls og betra mataræðis yrðu bannaðar. Ekki kom fram hvers konar auglýsingar það væru.

Þá benti Elva Björk Sværisdóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, á að fleira væri auglýst en matur. Og hún spurði um tilgang auglýsinga, fyrir hollustuvöru eða annað. „Hvað með leikföng? Til dæmis Latabæjarauglýsing fyrir gulrætur, er hún hugsanlega aðallega að auglýsa dótið sem Latibær er að selja?“

Einnig kom fram í umræðum að augljós munur væri á því að hvetja til hollra lífshátta almennt eða auglýsa tiltekna vöru frá tilteknum framleiðanda. Því má velja fyrir sér hvort umræða um þessi mál geti farið að snúast um að telja hitaæiningar eða fjölda sykurrorna í tiltekinni vöru, frekar en það grundvallaratriði hvort eðlilegt sé að framleiðendur og seljendur tiltekinnar vöru beini boðskap sínum til barna.

HVAÐ SKILJA BÖRNIN?

Rannsóknir sýna að tveggja ára börn hafa öðlast þekkingu á vörumerkjum. Hins vegar líður langur tími áður en þau átta sig á því að það er munur á dagskrárefni í sjónvarpi og auglýsingum. Þau eru um það bil fimm ára þegar

það gerist. Áætlað er að börn séu um átta ára þegar þau hafi þroska til að skilja að auglýsingar eru hlutdrægar og að þeim er ætlað að sannfæra þann sem horfir á. Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Elfu Ýrar. Hún benti einnig á að sumar auglýsingar höfði sérstaklega til barna. Þar á hún við auglýsingar þar sem notaðar eru þekktar persónur, leikbrúður eða teiknimyndafígúrir. Dæmi um þetta væru í auglýsingum McDonald's, þar sem Disney-persónur hafa verið notaðar.

BÖRNUM MISPYRMING

„Auðvitað á alls ekki að leyfa auglýsingar í efni sem er beinlínis ætlað fólki sem ræður ekki við að meðtaka auglýsingar. Það er nánast misþyrming á börnum að leyfa auglýsingar og nota ýmiss konar fígúrir sem þau taka sér til fyrirmyndar og trúu og treysta. Við sjáum að þetta nær engri átt. Er ekki rétt að hætta að auglýsa nálægt barnaefni?“ spurði Þorbjörn Broddason, prófessor í félagsfræði.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, benti á að börn gætu ekki talist upplýstir og sjálfstæðir neytendur vegna áhrifagirni og reynsluleysis. Þá gæfi áreiti auglýsinga börnum misvísandi skilaboð sem stundum væri þvert á markmið uppallenda þeirra. Margrét minnti meðal annars á samstarf umboðsmanns við talsmann neytenda, en þeir leggja meðal annars til að ekki sé auglýst neitt í kringum barnatíma. Um leið óska þeir eftir samstarfi við aðila á markaði. Að öðrum kosti neyðist umboðsmaður barna og talsmaður neytenda til að leita til stjórnvalda um ítarlegri lög-gjöf.

FORDÆMI ANNARRA

Bretar hafa nýlega þrengt til muna reglur sem varða auglýsingar á mat. Þær reglur voru settar til að reyna að stemma stígu við offitufaraldri þar í landi.

Bann við auglýsingum á óhollum mat nær til barnatíma, barnarása og fullorðinsefnis í sjónvarpi sem ætla má að sé vinsælt meðal barna. Bent hefur verið á að árlegt tekjutap fjölmiðlafyrirtækja vegna þessa nemi hátt í fjöru-tíu milljónum punda á ári, samkvæmt frétt breska ríkisútvarpsins. Ekki er þar getið um að annars konar auglýsingar hafi komið í staðinn, eða hugsanlegan ávinning samfélagsins af banninu.


Svíar og Norðmenn hafa sett sér strangar reglur um auglýsingar sem beint er til barna. Í Svíþjóð er með öllu óheimilt að beina auglýsingum að börnum undir tólf ára aldri og bannað er að sýna auglýsingar, hvort sem þeir beint er að börnum eða fullorðnum, á undan og eftir efni sem ætlað er börnum yngri en tólf ára. Í Noregi er einnig bannað að beina auglýsingum sérstaklega að börnum yngri en þrettán ára og jafnframt bann við auglýsingum í tíu mínútur fyrir og á eftir barnaefni.

HVER RÆÐUR?

Í könnun menntamála-

VIÐHORF TIL AUGLÝSINGA Í BARNATÍMUM


Ertu hlynntur eða andvígur því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?



Ert þú hlynntur eða andvígur því að banna auglýsingar á ákveðnum vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpi?



Ert þú hlynntur eða andvígur sýningum á auglýsingum sem beint er til barna og hvetja til neyslu á hollum matvörum og heilbrigðum lífsháttum?



■ Mjög andvígur
■ Frekar andvígur
■ Hvorki né
■ Frekar hlynntur
■ Mjög hlynntur

Hátt í þúsund auglýsingum beint til barna

Ríkissjónvarpið birtir yfir 700 auglýsingar á ári, sem beint er til barna. Stöð tvö birtir hátt í 900 auglýsingar.

Þetta kemur fram í athugun menntamálaráðuneytisins sem lét telja auglýsingar sem birtust í kringum barnatíma stöðvanna. Talið var á fimm sjö daga tímabilum um allt árið. Skráð var dagskrá og auglýsingar sem sýndar voru allt að tíu mínútur fyrir og eftir dagskrá barnaefnis og auglýsingar sem sýndar voru milli dagskrárliða í barnaefni.

Í Ríkissjónvarpinu birtust alls 74 auglýsingar en 86 á Stöð tvö. Það þýðir að riflega tvær auglýsingar birtast á dag að jafnaði í ríkissjónvarpinu og um 2,5 á Stöð tvö.


Í þessari könnun kom jafnframt fram að í tæplega helmingi auglýsinganna í Sjónvarpinu væri auglýstur skyndibiti eða sykraðar mat- og drykkjavörur. Hlutfall slíkra auglýsinga á Stöð tvö væri nær fjórðungi. Hins vegar hefðu leikföng verið auglýst á Stöð tvö í 65 prósentum tilvika. Hlutfallið í Sjónvarp-

inu var rúmlega fjörutíu prósent.


Einnig var bent á að barnaefni á Stöð tvö væri kostað af seljendum sem héldu fram tilteknum vörumerkjum, eins og Coca-Cola, McDonald's, Pepsi Max og Pizzeria Rizzo.

Ari Edwald, forstjóri 365, lét þess getið málþinginu að hlutfallslega væru auglýsingarnar líklega færri sín megin, þar sem meira væri sýnt af barnaefni á Stöð tvö en í Sjónvarpinu. Páll Magnússon taldi að auglýsingarnar væru í raun fáar.

Verður þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir þrýstingi frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi?



Telur þú að sá þrýstingur sem þú verður fyrir frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi hafi mikil eða lítill áhrif á innkaup fjölskyldunnar?



■ Mjög lítil
■ Frekar lítil
■ Hvorki mikil né lítil
■ Frekar mikil
■ Mjög mikil

DAGUR Í LÍFI ...

Arnrún Magnúsdóttir, veitingakonu á Friðriki V

Arnrún Magnúsdóttir, athafna- og veitingakona á veitingastaðnum Friðrik V við Kaupvangsstræti 6 á Akureyri, segir frá degi í lífi sínu þegar hún var í beinni útsendingu.....

6.50 Ég vakna og vek börnin í skólann. Dóttirin komin með 40 stiga hita og er lögst í flensu í eitt skiptið enn. Friðrik vinnur því heima við matseðlagerðina. Við mæðginin fáum okkur morgunmat og erum samferða til vinnu og skóla.

8.00 Mætt í vinnu. Helga og Irina ræstitækna hafa þegar farið yfir húsnæðið eins og hvítur stormsveipur. Magga mín hægri hönd á skrifstofunni kemur á hæla mér. Ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra!

8.30 Ég og Magga förum yfir daginn og skipuleggjum.

9.00–10.30 Vinn að námskrá fyrir valgreinanámskeið sem við ætlum að bjóða upp á næsta haust fyrir Grunnskóla Akureyrar.

11.00 Við Friðrik mætt upp í útvarp. Gestur Einar tekur á móti okkur og er alltaf jafn hress.

11.30 Í beinni útsendingu í Samfélaginu í nærmynd á Rás 1 þar sem við segjum frá valgreinaverkefninu „Matur úr héraði og siðir“ í viðtali við Margréti Blöndal.

12.30–13.30 Mætt á Kaupvangsstrætið. Nóg að gera í Sælkera-búðinni. Mamma kikir við í hádegismat. Á boðstólum í dag er gulrótarmaukssúpa með grænmeti og fiskigratín með salati. Vinur okkar Gunnar sólustjóri hjá Garra er í bænum og snæðir með okkur í hádeginu.

13.30 Við hjónin spjöllum við útskriftarnema frá Háskólanum á Akureyri sem tekur við okkur viðtal.

14.00 Fer á fund vegna brúðkaups sem verður hjá okkur í sumar.

15.00 Fer yfir útistandandi tilboð og fyrirspurnir.

16.00 Ég og Simmi yfirþjónn förum yfir vínmálin. Fundur með kokkunum út af nýjum matseðli og vínnum þar með.

16.30 Fer yfir salinn og barinn og geri allt klárt fyrir kvöldið!

18.00 Opnum veitingastaðinn og barinn. Kvöldið líður í rólegheitum. Pabbi kikir við í einn bolla og segir mér að hann sé á leið í leikhúsið til að sjá Flóna... sá á eftir að skemmta sér vel!

23.00 Lokum og göngum frá.

0.30 Komin heim og leggst á koddann þokkalega sátt með verkefni dagsins. Aðgæti hvort vekjaralukkan sé ekki örugglega rétt stillt á 6.50.



ARNRÚN MAGNÚSDÓTTIR
Athafna- og veitingakona
Arnrún undirbýr kvöldið
á Friðriki V á Akureyri.
MARKAÐURINN/PÓRHALLUR



BERGPÓR PÁLSSON Í hjáverkum kennir Bergþór Pálsson óperusöngvari fólki borðsiði og hefur haldið fyrirlestra og námskeið fyrir bæði fyrirtæki og félagsamtök.
MARKAÐURINN/VALLI

Viðmótið er borðsiðunum mikilvægara

Kunst getur verið að setjast til borðs með fólki sem maður þekkir ekki mikil deili á. Aðstæður sem þessar eru hins vegar daglegt brauð í viðskiptalífinu. Óli Kristján Ármannsson tók Bergþór Pálsson söngvara tali, en hann heldur í vikunni „etiquette“-námskeið fyrir Útflutningsráð þar sem hann kennir fólki úr viðskiptalífinu rétta borðsiði.

Á morgun, fimmtudag, heldur Bergþór Pálsson óperusöngvari svokallað etiquette-námskeið á vegum Útflutningsráðs þar sem fólki úr viðskiptalífinu eru kenndir „réttir“ borðsiðir. Bergþór hefur í hjáverkum sinnt því að fjalla um og kenna borðsiði og framkomu og hefur meðal annars ritað bók um efnið. Námskeiðið á morgun er endurtekning á öðru sambærilegu sem haldið var í febrúar.

Vegna þess að á þessu námskeiði er sérstaklega lagt upp með að kenna fólki úr viðskiptalífinu borðsiði lék blaðamanni forvitni á að vita hvort þar giltu önnur lögmál en annars staðar. „Í rauninni er enginn grundvallarmunur. Hins vegar skiptir mjög miklu máli að koma vel fyrir þegar maður hittir viðskiptavini sem maður þekkir ekki,“ segir hann og bendir á að fæstir hafi á því mikinn áhuga hvernig náunginn heldur á glasi eða hnífapörum, heldur sé það viðmót og áhugi á manneskjunn sem mestu skipti. „Hitt er svo annað mál að ágætt er að vera með helstu reglur á hreinu, því þá líður manni betur sjálfum. Maður er þá öruggari og þarf ekki að hafa af því áhyggjur að einhver sé að fylgjast með því að maður geri einhverjar vitleysur.“

Meðal hluta sem Bergþór segir að ágætt sé að hafa sérstaklega í huga í „viðskiptadinner“, þar sem fólk er jafnvel að hittast í fyrsta sinn, er að kynna sér hvaðan borðfélagarnir koma, svo sem venjur í landi þess sem setið er til borðs með. „Þannig geta verið hlutir sem þarf að varast í mat og eins geta samskiptareglur verið öðruvísi í fjarlægum löndum.“ Aukinheldur segir hann gríðarmiklu máli skipta að vera á réttum tíma, hvort sem maður er í hlutverki gests eða gestgjafa. „Fólk í viðskiptalífinu hefur yfirleitt mjög þetta dagskrá og maður fær alltaf prik ef maður virðir það.“

Þá nefnir Bergþór ýmsa smáhluti sem gott geti verið að hafa í huga þegar borðað er með útlendingum, svo sem að hafa heiðursgestinn hægra megin við gestgjafann. „Það er svona þumalputta-reglan og eins að ef maður er gestur að setjast ekki til borðs nema að maður viti hvar maður á að sitja og alls ekki á undan gestgjafanum.“

Viðmótið er hins vegar það sem öllu máli skiptir og jafnvel húmor líka, að sögn Bergþórs, og um að gera að láta ekki samskiptareglur taka sig á taugum. „Ef maður gerir mistök þá er það allt í lagi og bjargast fyrir horn ef maður gerir grín að því.“

ÚT ÚR UMRÓTINU - INN Í FRAMTÍÐINA

AÐALFUNDUR SA

18. APRÍL - HAFNARHÚSINU



Skráning á vef SA – www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

OPIN DAGSKRÁ

16:00 ÚT ÚR UMRÓTINU - INN Í FRAMTÍÐINA

Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins

Ræða Geirs H. Haarde, forsætisráðherra

Inn í framtíðina:

Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands

Ólöf Nordal, alþingismaður

Brugðið verður upp svipmyndum af íslenskum vinnumarkaði

17:15 Lokaorð: Nýr formaður SA - móttaka hefst

Fundarstjóri er Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

Fundarmenn fá nýtt rit SA um alþjóðavæðingu vinnumarkaðarins

English translation



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA VÍS – Byggir upp tryggingavernd fyrir þitt fyrirtæki

Í nútímapjóðfélagi eru þarfir fyrirtækja stöðugt að breytast og því mikilvægt að huga vel að váttryggingaþörf fyrirtækisins.

Fyrirtækjafulltrúar VÍS fara reglulega yfir málin með viðskiptavinum sínum til þess að sníða váttryggingaverndina að kröfum og þörfum þess atvinnu- og viðskiptaumhverfis sem fyrirtæki búa við í dag.

Kynntu þér málin á vis.is eða hafðu samband við fyrirtækjafulltrúa okkar í síma 560 5000.

BANKHÓLFID

Hvað gerir Magnús nú?

Óhætt er að segja að minna fari fyrir athafnamanninum Magnúsi Þorsteinssyni í íslensku samfélagi en áður. Magnús var stjórnarformaður Avion Group sem átti að verða stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heimi, en það gekk ekki eftir og félaginu var skipt upp. Nú síðast var hann svo stjórnarformaður Eimskips en lét óvænt þar af störfum og hið sama gerist nú hjá Icelandic, sem glímur við mikinn rekstrarvanda. Því er spurt; Hvað gerir Magnús nú?



Úr stjórn í framkvæmdastjórn

Bankarnir reyna þessa dagana að draga úr kostnaði og yfirbyggingu, meðal annars með fækkun starfsfólks. Enn kemur þó fyrir að tilkynnt er um nýráðningar og það gerðist á dögunum þegar Kristinn Þór Geirsson var ráðinn framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs Glitnis. Hann tekur sem slíkur sæti í framkvæmdastjórn bankans.

Athygli vekur að ekki eru nema fáeinir vikur síðan Kristinn Þór var kosinn í stjórn Glitnis á aðalfundi, en hann lætur nú af þeim störfum og tekur sæti í framkvæmdastjórninni í staðinn. Að undanfögnu hefur Kristinn Þór verið stjórnarformaður og síðar forstjóri B&L, en áður hafði hann meðal annars verið framkvæmdastjóri Sunds ehf. og rekstrarsviðs Samskipa.

Haukur Guðjónsson tekur sæti í stjórn Glitnis í stað Kristins Þórs.

Aðalfundar beðið

Enn er beðið aðalfundar hjá Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins og 24 stunda, en þar er fastlega búist við að skipt verði um stjórnarformann í ljósi þess að Björgólfur Guðmundsson hefur nú tryggt sér öll itök í fyrirtækinu. Jafnvel er búist við að fundað verði í lok næstu viku. Sá sem líklegastur þykir sem nýr stjórnarformaður fyrirtækisins í stað Stefáns P. Eggertssonar er Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá og verðandi formaður Samtaka atvinnulífsins, en það mun þó ekki fullfrágengið. Almennt er ráð fyrir að eitt fyrsta verk Þórs verði að ráða Ólaf Þ. Stephensen sem ritstjóra Morgunblaðsins í stað Styrmis Gunnarssonar, en Ólafur hefur um skeið stýrt systurlaðinu.

Hvort hann verður einn ritstjóri er hins vegar ekki ljóst, né hver tekur þá við stjórnar- taumunum á 24 stundum.



10,1 prósent er sú verðbólga sem Landsbankinn spáir að mælist hér í þessum mánuði. Gangi það eftir hefur verðbólga ekki verið meiri síðan árið 1990.

45 milljarðar króna er sú upphæð sem greiningardeild Kaupþings spáir að FL Group tapi á fyrstu þremur mánuðum ársins.

15,5 prósent eru stýrivextir Seðlabanka Íslands. Þetta eru hæstu stýrivextir í heimi með þróaðan fjármála- markað.

Ráðstefna haldin í Laugardalshöll, fimmtudaginn 17. apríl kl. 12:00 -16:00

Skipulag eða stjórnleysi?

Markmið ráðstefnunnar er að varpa ljósi á þróun skipulagsmála og horfur. Fjallað verður um rekstur fasteigna, skipulagsmál, fjármögnun og nýjar framkvæmdir.

Leitast verður við að svara spurningum eins og: Hvernig gengur einkaaðilum og fasteignafélögum að framfylgja markmiðum sínum í samvinnu við skipulagsyfirvöld? Hver er framtíðarsýn borgar og bæja í skipulagsmálum? Stöndum við okkur í alþjóðlegum samanburði? Hvernig gengur að fjármagna framkvæmdir?

DAGSKRÁ

- 11:30** Skráning og afhending fundargagna og léttur hádegisverður
- 12:00** **Setning ráðstefnu:** Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur
- 12:10** **Skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu**
Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi
- 12:30** **Niðurstöður könnunar á viðhorfi framkvæmdaaðila til skipulagsyfirvalda á höfuðborgarsvæðinu**
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri hjá Capacent Gallup
- 12:50** **Kannanir Landsbankans á framkvæmdum á byggingamarkaði**
Ari Skúlason, forstöðumaður Greininga, samskipta og upplýsingamiðlunar á Fyrirtækjasviði Landsbankans
- 13:10** **Er samvinna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu raunhæfur kostur?**
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ og varaformaður Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- 13:30** **Fjármögnun fasteignaverkefna**
Davíð Björnsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Landsbankans
- 13:50** **Kaffihlé**
- 14:20** **Fasteignaverkefni Nýsis í Bretlandi**
Sigfús Jónsson, stjórnarformaður Nýsis og Operon
- 14:40** **Nýtt háskólasjúkrahús**
Inga Jóna Þórðardóttir, formaður nefndar um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana
- 15:00** **Nýbygging Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni og ákvörðun um staðsetningu, eignarhald og framkvæmd**
Porkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs HR
- 15:20** **Stöðnun eða kólnun?**
Þátttakendur í pallborðsumræðum: Ari Skúlason, forstöðumaður Greininga, samskipta og upplýsingamiðlunar á Fyrirtækjasviði Landsbankans, Árni Jóhannsson, forstöðumaður mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins, Davíð Björnsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Landsbankans, G. Oddur Víðisson, forstjóri Þyrpingar og Sverrir Kristinsson, stjórnarmaður í Félagi fasteignasala.
- Fundarstjóri: Ásdís Halla Bragadóttir**
- 16:00** **Sýningin Verk og vit 2008 formlega opnuð**
Setning: Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra
Móttaka og léttar veitingar

Ráðstefnan er haldin í tengslum við sýninguna Verk og vit 2008 í samstarfi við Landsbanka Íslands og Fasteignastjórnunarfélag Íslands. **Ráðstefnan er öllum opin en þátttökugjald er kr. 16.900.** Innfalið er léttur hádegisverður og boð á formlega opnun sýningarinnar Verk og vit 2008. Tilkynna þarf þátttöku í dag 16. apríl 2008. Athugið að sætafjöldi er takmarkaður.

Skráning fer fram með tölvupósti á netfangið skraning@appr.is eða í síma 511-1230.



Lítil heimur ...

... hugsum stórt

